



Kópavogur

um langa framtíð

Staðardagskrá 21

fyrir Kópavogsbæ

Samþykkt í bæjarstjórn 24. júní 2003

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
------------------------	----------

LEIÐARLJÓŠ	3
-------------------------	----------

1. SKIPULAGSMÁL.....	3
2. SORP	3
3. VEITUR.....	3
4. SAMGÖNGUR	3
5. MENGUN.....	3
6. NÁTTÚRU- OG MENNINGARMINJAR.....	3
7. GRÆN SVÆÐI, STÍGAR OG STOFNANALÓÐIR	3
8. MENNINGARMÁL	3
9. UMHVERFISFRÆÐSLA	3
10. ÍÞRÓTTA-, ÆSKULÝÐS- OG TÓMSTUNDASTARF	3
11. FÉLAGSÞJÓNUSTA	3
12. STJÓRNSÝSLA.....	3
13. HEILSUGÆSLA	3
ORÐSKÝRINGAR.....	3



Staðardagskrá 21 í Kópavogi

Inngangur

Með Staðardagskrá 21 fyrir Kópavog, skipar bærinn sér í hóp þeirra sveitarfélaga hér á landi sem mótað hafa sér áætlun og framtíðarsýn um sjálfbæra þróun. Áætlunin á rót sína að rekja til heimsráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Ríó de Janeiro í Brasilíu árið 1992. Þar samþykktu um 180 þjóðir framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í heiminum, Dagskrá 21 (Agenda 21) og var Ísland eitt þeirra.

Staðardagskrá 21

Staðardagskrá 21 (Local Agenda 21) er sá hluti Dagskrár 21 sem snýr að sveitarstjórnnum. Henni er ætlað að vera heildaráætlun sveitarstjórna um þróun samfélagsins fram á 21. öldina. Áætlunin snýst ekki eingöngu um umhverfismál í venjulegum skilningi heldur er henni ætlað að taka jafnframt tillit til efnahagslegra og félagslegra þátta. Í Staðardagskrá 21 er kveðið á um samráð við íbúana á hverjum stað, m.a. með þátttöku atvinnulífs og félagasamtaka. Staðardagskrá 21 í Kópavogi er liður í viðleitni sveitarfélaga um allan heim til að koma markmiðum um sjálfbæra þróun til framkvæmda. Í þessum málaflokki verður að líta á jörðina sem heild. Þegar kemur að aðgerðum er jafnframt brýnt að líta til sérstöðu hvers svæðis og getu og aðstæðna íbúanna til að leggja sitt af mörkum svo að aðgerðir sem stuðli að sjálfbærri þróun komist til framkvæmda.

Sjálfbær þróun

Í skýrslu Brundtlandnefndarinnar svokölluðu, sem birtist árið 1987 í bókinni Sameiginleg framtíð vor (Our Common Future) var sjálfbær þróun skilgreind á eftirfarandi hátt:

„Sjálfbær er sú þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.“

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar felur í sér að ástand umhverfisins er skoðað í samhengi við efnahagslega og félagslega þróun og leitað leiða til að auka auð og velferð mannkyns án þess að það skaði grundvallargæði jarðar.

Staðardagskrá 21 í íslenskum sveitarfélögum

Árið 1998 var komið á fót sameiginlegu verkefni umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um Staðardagskrá 21 í því skyni að styðja sveitarfélögin í að koma á Staðardagskrárstarfi. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu verkefnisins, höfðu samtals 55 sveitarfélög með 94,72% landsmanna, tengst Staðardagskrárstarfinu með einhverjum hætti, miðað við 15. júní 2003. Á sama tíma höfðu 16 sveitarstjórnir samþykkt sína fyrstu útgáfu af SD21, auk Kópavogs og 14 önnur vinna nú að fyrstu útgáfu Staðardagskrár.

Staðardagskrá 21 í Kópavogi

Stöðumat

Vinna við Staðardagskrá 21 hófst hjá Kópavogsbæ í árslok 1999 með stöðumati þar sem tilgreind var staðan í þeim málaflokkum sem þá var áformað að Staðardagskrá Kópavogs næði til. Stöðumatið var unnið af starfsmönnum allra stjórnsýslusviða en umsjón með gerð þess var í höndum umhverfisráðs og sá Bæjarskipulag um framkvæmd og ritstjórn. Stöðumatið lá fyrir í byrjun árs 2001.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Íbúabing

Eins og fram kom hér að ofan, var lögð áhersla á það í Dagskrá 21 að sveitarfélögin virkjuðu almenning við gerð Staðardagskrár 21. Í febrúar 2001 var haldið íbúabing um Staðardagskrá 21 í Kópavogi. Þetta var fyrsta íbúabingið sem haldið var hér á landi en fleiri sveitarfélög hafa síðan fylgt í kjölfarið. Í framhaldi af íbúabinginu varð jafnframt til samráðshópur um SD21, sem áfram tók þátt í ferlinu.

Tenging við aðalskipulag

Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 var samþykkt vorið 2002. Vinnan við mótun stefnu og markmiða vegna aðalskipulags var langt komin þegar vinnu við Staðardagskrá 21 var ýtt úr vör. Þar sem aðalskipulag er framtíðarsýn hvers sveitarfélags og hefur jafnframt lögbundinn sess, var þess gætt að samræmi ríkti milli þessara tveggja áætlana. Það má því segja að Staðardagskrá 21 fyrir Kópavog sé að hluta til aðgerðaáætlun Aðalskipulagsins vegna þess að í Staðardagskránni eru skilgreindar tímasettar leiðir að markmiðum og ábyrgðaraðilar tilgreindir. Þetta er tvímælalaust einn helsti styrktur Staðardagskrár 21 fyrir Kópavog og bendir margt til þess að fleiri sveitarfélög muni, hvað þetta varðar, feta í fótspor Kópavogs.

Vinna með ráðum, nefndum og embættismönnum

Ráð, nefndir og lykilstarfsmenn tóku virkan þátt í mótun stefnu, markmiða og leiða í Staðardagskrárvinnunni og stóð ferlið frá hausti 2001 til vors 2002. Þá var ákveðið að leggja Staðardagskrána til hliðar og ljúka stefnumótunarferlinu að kosningum loknum. Sá þráður var tekinn upp haustið 2002 í ráðum og nefndum og lauk þeirri vinnu með samþykkt þessa plaggs. Það skal þó ítrekað að vinnu við Staðardagskrá 21 lýkur í raun aldrei, heldur þurfa öll sveitarfélög að halda áfram að feta þessa braut í átt að sjálfbærri þróun, skref fyrir skref.

Eftirfylgni

Hér eru tilgreind fjölmörg verkefni sem nú verða sett í viðeigandi farveg og gert er ráð fyrir að þau verði að mestu unnin innan stjórnkerfis bæjarins. Á hverju hausti verða haldnir samráðsfundir yfirmanna sviða og annarra lykilstarfsmanna til að meta hvað hefur áunnist og varða leiðina áfram í viðkomandi málaflokkum. Fyrsta endurskoðun stefnu og markmiða er áformuð árið 2006 og mun þá tengjast næstu endurskoðun Aðalskipulags.

Grænt bókhald

Liður í eftirfylgni Staðardagskrár 21 er að komið verður á svokölluðu Grænu bókhaldi fyrir Kópavogsbæ. Grænt bókhald er lykilþáttur í því að viðhalda virkri Staðardagskrá 21 í Kópavogsbæ og birta þann árangur sem næst fyrir umhverfisþætti í rekstri sveitarfélagsins. Í fyrstu er gert ráð fyrir að skilgreindir verði mælikvarðar fyrir 5 umhverfisþætti. Þessir þættir verða vaktaðir og metnir reglulega. Í framhaldinu er síðan hægt að fjölga þessum mælikvörðum í samræmi við markmið bæjaryfirvalda. Gerð verður grein fyrir þeim árangri sem næst fyrir þessa fimm umhverfisþætti frá ári til árs í grænu bókhaldi sem birtist í ársskýrslu bæjarins.

Sjálfbær þróun í Kópavogsbæ

Kópavogur hefur nú þegar tekið mið af mörgum viðmiðunum sjálfbærrar þróunar í uppbyggingu og vexti bæjarfélagsins. Þar má nefna eftirfarandi atriði:

- þetta byggð og þar með mjög góða nýtingu lands
- blöndun aldurs- og þjóðfélagshópa í hverfum
- lítil skólahverfi
- tengsl manns og náttúru, t.d. með stíg meðfram ströndinni, hesthúsum, reiðleiðum innan bæjarins og fræðsluskiltum
- áherslu á fjölbreytt atvinnulíf og atvinnuhverfi
- góðan árangur í félagsstarfi aldraðra sem gert hefur Kópavogsbæ leiðandi á því sviði.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi hyggjast halda áfram á sömu braut við að efla bæinn og byggja hann upp með það að leiðarljósi að „...íbúar bæjarins geti um langa framtíð búið við heilbrigði og góð lífsgæði og verði búin aðstaða til að njóta frístunda og samveru í sátt og jafnvægi við umhverfi sitt.“

Samþykkt Staðardagskrár 21 er mikilvægt skref í þessa átt. Með þessu skrefi gera bæjaryfirvöld samning við komandi kynslóðir Kópavogsbúa.


Leiðarljós

Kópavogsbær þróist þannig að íbúar bæjarins geti um langa framtíð búið við heilbrigði og góð lífsgæði og þeim verði búið aðstaða til að njóta frístunda og samveru í jafnvægi og sátt við umhverfi sitt. Kópavogsbúar sýni virðingu gagnvart náttúru og mannlífi og bæjaryfirvöld og bæjarbúar allir gæti þess að skila góðu búi til komandi kynslóða.

1. Skipulagsmál

- Endurskoðað Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 var staðfest 20. des 2002 og tók gildi þann 10. janúar 2003.
- Aðalskipulag Kópavogs var fyrst staðfest í apríl 1990 með gildistímann 1988-2008. Endurskoðun Aðalskipulags hefur farið fram tvívegis, með gildistíma sem hér segir: Aðalskipulag Kópavogs 1992-2012, staðfest 1994 og núgildandi Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 var staðfest 23. apríl 2002. Var unnið samhliða að gerð Staðardagskrár 21 fyrir Kópavog.
- Hverfaskipulag er til fyrir vesturbæ Kópavogs (1993) og austurbæ Kópavogs (1994).
- Unnið er að frágangi gatna, gangstétta og opinna svæða í eldri athafnahverfum samkvæmt framkvæmdaáætlun. Áætlað er að honum ljúki árið 2005.
- Útgáfur: Aðalskipulag 1988-2008 (1990), Aðalskipulag Kópavogs 1992 – 2012 (1994), Upplýsingabæklingar um Kópavogsdal (1991 og 1994), Lindahverfi (1996), útivistarsvæði (1998) og Aðalskipulag 2000-2012 (2002).
- Umhverfismat skipulagstillagna grundvallast á hugmyndafræðinni um sjálfbæra þróun, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Samkvæmt Aðalskipulagi er landnotkun í heimalandi Kópavogs (vestan Elliðavatns) þannig:



Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að byggð þróist í sátt við náttúru, í samvinnu við íbúa og í anda sjálfbærrar þróunar. Gott byggingarland verði nýtt með hagkvæmum hætti. Byggð verði fjölbreytt og falli vel að umhverfinu. Kópavogur verði eftir sem áður eftirsóknarverður til búsetu og athafna.

Markmið

Samráð í skipulagsmálum verði aukið frá og með gildistöku Aðalskipulags 2000 – 2012 og Staðardagskrár 21.

Tölvutækni verði nýtt við kynningu skipulagstillagna og gagnvirkum samskiptum við íbúa og hagsmunaaðila varðandi skipulagsmál verði komið á fyrir árslok 2003.

Deiliskipulagi í eldri hverfum bæjarins og hverfaskipulagi fyrir nýjustu hverfi bæjarins verði lokið fyrir árslok 2012.

Lögð verði aukin áhersla á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar í skipulagi frá og með næstu endurskoðun Aðalskipulags og Staðardagskrár.

• Samráð

Leið 1.1 Lögð verði áhersla á samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila um skipulag og miðist það hverju sinni við skipulagsstig viðkomandi svæðis.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Frá og með gildistöku Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012.

Leið 1.2 Þverfaglegt samráð á öllum skipulagsstigum verði aukið, m.a. með því að tryggja aðkomu allra stjórnsvæðis bæjarins.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag
Tímasetning: Frá og með gildistöku Staðardagskrár 21.

• Kynning á skipulagsmálum

Leið 1.3 Auk þess sem skipulagstillögur eru kynntar í afgreiðslu Bæjarskipulags verða þær jafnframt auglýstar á heimasíðu bæjarins. Þar verði hægt að gera athugasemdir og koma með ábendingar.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Hefjist fyrir árslok 2003.

• Aðalskipulag

Leið 1.4 Aðalskipulag verði endurskoðað á 4 ára fresti, með sjónarmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi, sbr. lög og reglugerðir um skipulag.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Næsta endurskoðun verði árið 2006 og síðan í upphafi hvers kjörtímabils.

• Hverfaskipulag

Leið 1.5 Hvert hverfi fái sín einkenni og innan hvers hverfis sé boðið upp á alla grunnþjónustu, sbr. skilgreiningu í orðaskýringum.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Hefur verið stefna í núgildandi aðalskipulagi og heldur áfram.

Leið 1.6 Gert verði hverfaskipulag fyrir Smára-, Linda- og Salahverfi.
Ábyrgur: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Hefjist er skipulagi Vatnsenda verður lokið (um 2007). Verði lokið 2010.

• Deiliskipulag

Leið 1.7 Gerð verði úttekt á eldri hverfum bæjarins og kannað hvort þörf sé á endurskipulagningu þeirra. Forgangsröðun verkefna byggji á niðurstöðum úr þeirri úttekt.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Hefjist 2003 og niðurstöður úttektar liggi fyrir árið 2005, áður en kemur að næstu endurskoðun Aðalskipulags.

Leið 1.8 Gert verði deiliskipulag fyrir eldri hluta bæjarins á Kársnesi og Digraneshálsi. Jafnframt verði unnið deiliskipulag fyrir Vatnsenda og upplönd bæjarins. Einnig deiliskipulag fyrir önnur svæði í samræmi við niðurstöður úttektar, sbr. leið 1.7.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Á gildistíma Aðalskipulags 2000 – 2012.

Leið 1.9 Deiliskipulag miðbæjarsvæðis verði endurskoðað.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Verði lokið fyrir 2004.

Leið 1.10 Unnið verði að uppbyggingu og fegrun Hamraborgarsvæðis til að styrkja miðbæ Kópavogs og efla þar mannlíf.

Ábyrgð: Bæjaryfirvöld, tæknideild (Bæjarskipulag, garðyrkjustjóri).
Tímasetning: Framkvæmdum verði lokið innan gildistíma Aðalskipulags, 2012.

Leið 1.11 Ýmis einyrkjastarfsemi geti farið fram innan íbúðasvæða, s.s. vinnustofur listamanna, arkitekta, léttur iðnaður ofl., sem ekki krefst umferðar, veldur mengun eða öðrum óþægindum.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Miðist við deiliskipulag hverju sinni.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Leið 1.12 Við skipulag byggðar verði leitast við að jafna dreifingu aldurs- og þjóðfélagshópa í íbúðahverfum bæjarins.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Miðist við deiliskipulag hverju sinni.

Leið 1.13 Þess verði gætt að í nýjum hverfum haldist uppbygging gatna, gangstétta og opinna svæða í hendur við aðra uppbyggingu.


Ábyrgð: Tæknideild.
Tímasetning: Fylgir uppbyggingu hverfa.

Leið 1.14 Til að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi verði þess gætt að í boði verði fjölbreyttir kostir. Það tekur til lóðastærðar, bygginga og staðsetningar.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Gerist samhliða skipulagsstigum.

2. Sorp

- Sorp er hirt á 10 daga fresti af verktaka á vegum Kópavogsbæjar. Heimilum er skylt að nýta þjónustu bæjarfélagsins en fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf leita lausna hvað sorphirðu varðar.
- Kópavogsbær er aðili að Sorpu bs. og fylgir þeim flokkunar- og förgunarferlum sem þar er hægt að flokka eftir. Ein endurvinnslustöð er í Kópavogi, rekin af Sorpu bs. Sex blaða- og fernugámar eru í Kópavogi.
- Skil á spilliefnum hafa aukist verulega frá ári til árs.
- Á hverju vori efnir Kópavogsbær til vorhreinsunar.
- Reglubundið eftirlit er með númerslausum bílum og bílhræjum utan einkalóða.
- Nýlega hefur verið staðfest heilbrigðissamþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss.
- Í gildi eru sérstakar reglur um losun á landmótunarsvæðum (jarðvegstippum).
- Á stjórnslustofnunum bæjarins og í skólum eru dagblöð og tímarit, fernur og gæðapappír flokkuð frá venjulegu sorpi og skilað til endurvinnslu.
- Fræðsla og upplýsingar eru að mestu á vegum Sorpu bs. Kópavogsbær gefur þó út bækling á hverju vori sem sendur er til íbúa og fyrirtækja með upplýsingum um það hvernig þessir aðilar geti flokkað sitt sorp í blaða- og fernugáma og á endurvinnslustöðvum Sorpu bs.
- Í Kópavogi var sorpmagn á íbúa um 224 kg. árið 2002 og heildarsorpmagnið um 5.592 tonn.



Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að minnka úrgangsmyndun í bænum og draga úr sorpi sem fer til urðunar. Flokkun sorps verði eflid og endurnýting og endurvinnsla aukin.

Markmið

Kópavogur uppfylli þau markmið sem sett eru í lög og reglugerðir um takmörkun á sorpi til urðunar. Bæjarbúum verði gert auðveldara að losa sig við flokkaðan úrgang til endurvinnslu, s.s. pappír og fernur m.a. með því að fjölga gámum til móttöku á slíkum úrgangi.

Blaða- og fernugámum verði fjölgað miðað við árið 2002 samhliða stækkun byggðar og í hlutfalli við fjölgun íbúa.

Hvatt verði til aukinna skila á spilliefnum til endurvinnslustöðva. Sorphirðugjaldi verði breytt á þann veg að það endurspegli betur raunkostnað og hvetji íbúana til að draga úr úrgangi og skila honum flokkuðum til endurvinnslu.

• Lífrænn úrgangur

Leið 2.1 Bærinn fræði íbúa, útvegi fræðsluefni, bjóði þeim aðstoð og geri það áhugavert að hefja jarðgerð úr lífrænum heimilis- og garðaúrgangi.

Ábyrgð: Umhverfisráð og tæknideild/garðyrkjustjóri.

Tímasetning: Viðvarandi.

Leið 2.2 Bærinn hvetji til jarðgerðar úr lífrænum úrgangi við þær stofnanir bæjarins þar sem því verður við komið og aðstoði eftir föngum.

Ábyrgð: Umhverfisráð og tæknideild/garðyrkjustjóri.

Tímasetning: Á árinu 2003.

• Blaða-, pappa- og umbúðaúrgangur

Leið 2.3 Grenndargámum verði fjölgað samhliða stækkun byggðar. Þeir séu staðsettir þar sem skipulag gerir ráð fyrir.

Ábyrgð: Tæknideild.

Tímasetning: Samhliða stækkun byggðar.

• Spilliefni

Leið 2.4 Árlegt átak verði gert til að bæta skil á spilliefnum frá stofnunum bæjarins.

Ábyrgð: Tæknideild.

Tímasetning: Árvissst til ársins 2006.

• Endurvinnsla

Leið 2.5 Kópavogsbær leiti eftir hugmyndum bæjarbúa um endurnýtingu og endurvinnsluiðnað og veiti upplýsingar og aðstoð þeim sem hafa viðskiptahugmyndir sem byggja á endurvinnslu.

Ábyrgð: Umhverfisráð og markaðsfulltrúi.

Tímasetning: Viðvarandi verkefni.

• Upplýsingar og eftirlit

Leið 2.6 Fylgst verði reglulega með sorpmagni og flokkun sorps. Niðurstöður verði birtar í ársskýrslu bæjarins.

Ábyrgð: Stjórnsýslu- og fjármálasvið og tæknideild.

Tímasetning: Verði fyrst gert í ársskýrslu fyrir árið 2003 og síðan reglulega.

3. Veitur

- Kópavogsbær kaupir vatn af Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur vottað gæðaeftirlit og viðurkennt innra eftirlit. Hjá Vatnsveitu Kópavogs er kominn vísir að innra eftirliti (Gámes).
- Hafinn er undirbúningur að því að Kópavogsbær taki í notkun eigið vatnsból í Vatnsendakrikum.
- Niðurstöður mælinga á gerlainnihaldi sýna að vatnið er í hæsta gæðaflokki.
- Á undanförmum árum hefur verið farið í markvissa lekaleit og endurnýjun á dreifikerfi vatnsveitunnar. Lekaleitin hefur skilað miklum árangri. Jafnframt því sem lekaleit dregur úr sóun, eykst öryggi dreifikerfisins.
- Endurnýjun gatna og lagna hefur verið markviss á undanförmum árum. Búið er að endurnýja stærstan hluta gatna í eldri hverfum bæjarins.
- Allt skólp er grófhreinsað og því dælt á haf út (Kársnesveita/Skerjafjarðarveita).
- Reglubundið eftirlit er haft með fráveitukerfinu til þess að lágmarka hættu á mengun vegna bilana og ófyrirséðra tilvika.
- Fyrir liggja grunngögn um gerð og ástand rotþróa þar sem fráveitukerfi er ekki fyrir hendi. Á hverju ári er gerð úttekt á hluta rotþróa á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.
- Hitaveituvatn er leitt í fráveitukerfið eftir notkun.
- Orkuveita Reykjavíkur (OR) sér um dreifingu á rafmagni og heitu vatni til heimila, fyrirtækja og stofnana í Kópavogi. Rafmagn til götulýsingar er einnig fengið frá OR.

Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að neysluvatn uppfylli ávallt ströngustu gæðakröfur heilbrigðisyfirvalda. Bæjarbúar hafi aðgang að nægjanlegu vatni og komið verði í veg fyrir óhóflega og óþarfa notkun á vatnslindum. Mengun vegna frárennslis verði sem minnst og valdi ekki skaða á lífríki. Rekstur allra veitukerfa í Kópavogi verði sem hagkvæmastur og með þeim hætti að öryggi íbúanna verði sem best tryggt og álag á umhverfi vegna veitna verði sem minnst.

Markmið

Lokið verði við að endurbæta rotþrær þar sem þess er þörf fyrir 2007 og stefnt verði að því að 90% rotþróa teljist í góðu og þokkalegu ástandi samkvæmt skilgreiningu Heilbrigðiseftirlits.

Innra eftirlit Vatnsveitu Kópavogs verði viðurkennt frá og með árinu 2004.

Ný vatnsveita í Vatnsendakrikum verði tekin í notkun fyrir árslok 2005.

• Fráveitur

Leið 3.1

Komið skal á reglubundnu eftirliti með fitu- og olúskiljum.

Ábyrgð:

Heilbrigðiseftirlit.

Tímasetning:

Viðvarandi.

Leið 3.2 Við atvinnustarfsemi þar sem skylt er að hafa hreinsun með fitu- eða olíuskiljum verði unnið að úrbótum.

Ábyrgð: Heilbrigðiseftirlit og byggingarfulltrúi, ásamt forsvarsmönnum fyrirtækja.
Tímasetning: Úrbótum lokið í 95% fyrirtækja fyrir árslok 2007.

Leið 3.3 Vatnsendaland verði tengt fráveitukerfi höfuðborgarsvæðisins og ofanvatni veitt í settjarnir. Rotþrær í Vatnsenda verði aflagðar samhliða lagningu skólpræsa.

Ábyrgð: Tæknideild.
Tímasetning: Stefnt er að því að hefja framkvæmdir við aðalholræsi fyrir norðursvæði Vatnsendahverfis á árinu 2003.

Leið 3.4 Gerð verði reglubundin úttekt á gerð og ástandi rotþróa, þar sem ekkert fráveitukerfi er fyrir hendi eða er áformað. Miðað verði við fyrirbyggjandi grunn gögn um stöðu og ástand þeirra.

Ábyrgð: Tæknideild og Heilbrigðiseftirlit.
Tímasetning: Á 4 – 5 ára fresti.

• Neysluvatn

Leið 3.5 Haldið verði áfram að efla innra eftirlit Vatnsveitu Kópavogs (Gámes).

Ábyrgð: Tæknideild.
Tímasetning: Verið komið á fyrir árslok 2004.

Leið 3.6 Vatnsveita í Vatnsendakrikum verði tekin í notkun.
Ábyrgð: Tæknideild.
Tímasetning: 2005.

Leið 3.7 Leitast verði við að spara vatn með reglubundinni lekaleit á dreifikerfi Vatnsveitu Kópavogs og gamlar lagnir endurnýjaðar. Jafnframt verði komið á framfæri almennum upplýsingum um mikilvægi þess að sýna hóf í vatnsnotkun.

Ábyrgð: Tæknideild.
Tímasetning: Viðvarandi.

Leið 3.8 Rennslismælibrunnum verði fjölgað í neysluvatnskerfi bæjarins.

Ábyrgð: Tæknideild.
Tímasetning: Hefjist árið 2003 og lokið 2007.


• Orka

Leið 3.9 Hvatt verði til orkusparnaðar í stofnunum bæjarins. Leitað verði samstarfs við viðkomandi veitufyrirtæki í þeim tilgangi að hvetja til almenns orkusparnaðar á heimilum og fyrirtækjum í bænum.

Ábyrgð: Tæknideild og forstöðumenn stofnana.
Tímasetning: Viðvarandi.

4. Samgöngur

- Áætla má út frá niðurstöðum reiknilíkans fyrir höfuðborgarsvæðið að bifreiðar skráðar í Kópavogi aki nálægt 120 milljón km. á ári á höfuðborgarsvæðinu.
- Almenningsamgöngur eru um 4% af heildarferðum einstaklinga.
- Farþegafjöldi með Strætó bs hefur aukist jafnt og þétt, þrátt fyrir aukningu á bifreiðaeign.
- Hlutfall þungaflutninga innan bæjarmarkanna er áætlað á bilinu 5-10 %.
- Umferðaröryggisáætlun fyrir bæinn var fyrst samþykkt 1997 og hefur verið endurskoðuð síðan.
- Á undanförunum árum hafa verið gerðar viðamiklar endurbætur á gatnakerfinu. Unnið er samkvæmt framkvæmdaáætlun til ársins 2005 sem felur í sér að allar húsagötur og flestar safnbrautir verði með 30 km. hámarkshraða.
- Unnið er að uppbyggingu aðalgatnakerfisins, m.a. með gerð mislægra gatnamóta.
- Gerð var áætlun um endurbætur á eldri stígum árið 1998 og er unnið samkvæmt henni.
- Uppbygging reiðleiða samkvæmt sérstöku skipulagi er vel á veg komin í lögsögu Kópavogs.



Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að samgöngur verði greiðar og öruggar og umhverfisáhrif bifreiðaumferðar séu sem minnst. Enn fremur að stígakerfi og almenningsamgöngur verði raunhæfur valkostur í samgöngum.

Gatnaskipulag byggi áfram á flokkun gatna í húsagötur og safn-, tengi- og stofnbrautir.

Markmið

Meðalökuhraði á stofnbrautum lækki ekki miðað við árið 2002.

Ný umferðaröryggisáætlun liggja fyrir á fyrri hluta árs 2004.

Stígakerfi verði byggt upp samhliða annarri uppbyggingu í nýjum hverfum ásamt endurbótum á stígum í eldri hverfum. Þá er stefnt að því að auka nýtingu almenningsvagna og að markaðshlutdeild almenningsamgangna verði aukin úr þeim 4% sem nú eru, í 6% innan gildistíma Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2000 - 2024.

• Umferð og flutningar

Leið 4.1 Haldið verði áfram að byggja upp aðalगतnakerfið þannig að stofnbrautir gegni hlutverki sínu jafn vel og áður.

Ábyrgð: Bæjarráð, tæknideild og Vegagerðin.
Tímasetning: Viðvarandi.

Leið 4.2 Gerð verði ný umferðaröryggisáætlun.

Ábyrgð: Umferðarnefnd og tæknideild.
Tímasetning: Umferðaröryggisáætlun verði tilbúin fyrir hluta árs 2004.

Leið 4.3 Gerð verði framkvæmdaáætlun á grundvelli nýrrar umferðaröryggisáætlunar.

Ábyrgð: Umferðarnefnd og tæknideild.
Tímasetning: Framkvæmdum verði lokið við árslok 2005.

• Göngu- og hjólréiðastígar og reiðleiðir

Leið 4.4 Hugað verði sérstaklega að góðu göngu- og hjólréiðastígakerfi á helstu umferðarleiðum innan bæjarins og tengingum þeirra við umferðarleiðir nágrennasveitarfélaganna.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd, umhverfisráð, umferðarnefnd og tæknideild, einnig Vegagerðin við Þjóðvegi.
Tímasetning: Verði lokið fyrir árslok 2006.

Leið 4.5 Áfram verði unnið að endurgerð og lagfæringum á göngustígum í eldri hverfum.

Ábyrgð: Umhverfisráð, skipulagsnefnd og tæknideild.
Tímasetning: Ljúki árið 2006.

Leið 4.6 Haldið verði áfram að byggja upp reiðleiðir innan bæjarlandsins og tengja þær við samsvarandi leiðir nágrennasveitarfélaganna samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 2002 – 2012 og fyrirbyggjandi samkomulagi við hestamannafélög.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd, umhverfisráð og tæknideild.
Tímasetning: Fylgi byggðapróun. Ljúki árið 2012.

• Almennings­samgöngur

Leið 4.7 Leiðakerfi á höfuðborgarsvæðinu verði endurskoðað, með tilliti til þess að bæta samkeppnisstöðu almennings­samgangna gagnvart umferð einkabíla. Hugað verði að því hvort mögulegt sé að fækka leiðum og auka þess í stað ferðatíðni.

Ábyrgð: Stjórn Strætós bs.
Tímasetning: Endurbætur komi til framkvæmda í samræmi við stefnumótun Strætós bs.

Leið 4.8 Strætisvögnum verði gefinn forgangur á umferðarljósum og tilteknum akreinum þegar umferðarálag gefur tilefni til.

Ábyrgð: Umferðarnefnd og tæknideild í samvinnu við Strætó bs.
Tímasetning: Óviss.

Leið 4.9 Hvatt verði til notkunar vistvænna orkugjafa til að knýja almennings­vagna.

Ábyrgð: Stjórn Strætós bs.
Tímasetning: Tilraunaakstur hefjist í samræmi við stefnumótun Strætós bs.

Leið 4.10 Almennings­vagnar verði í auknum mæli notaðir vegna skólaaksturs og þróun leiðakerfis og gjaldskrár taki mið af því.

Ábyrgð: Bæjarráð og stjórn Strætós bs.
Tímasetning: Viðvarandi.

5. Mengun

- Gera má ráð fyrir að bifreiðar skráðar í Kópavogi losi um 36 þúsund tonn af koldíoxíði á ári út í andrúmsloftið við akstur á höfuðborgarsvæðinu. Þetta jafngildir um 4,4 kg af koldíoxíði á hvern íbúa í bænum á sólarhring.
- Á nokkrum stöðum í Kópavogi fer hávaði vegna umferðar upp fyrir viðmiðunarmörk.
- Áætlanir hafa verið gerðar um hljóðvarnaraðgerðir.
- Í starfsleyfi Reykjavíkurflugvallar er að finna ákvæði um samráðsfund Heilbrigðiseftirlits og Flugmálastjórnar um mengunarvarnir vegna umhverfismála flugvallarins.
- Samþykkt hefur verið gerð fyrir svæðisskipulag um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.
- Reglubundið eftirlit er með starfsemi á vatnsverndarsvæði.
- Samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg (frá 1. des. 2000) er verið að leggja grunn að vöktun Elliðavatns, Hólmsár og Bugðu. Lífríkisrannsóknir eru þegar hafnar í Elliðavatni og vatnasviði þess til að undirbúa vöktunarverkefnið.
- Heilbrigðiseftirlitið hefur að mestu séð um fræðslu um mengunarvarnir.
- Gerðar hafa verið tjarnir í Fossvogsmýri sem taka við ofanvatni og stuðla að botnfellingu gruggfna.
- Ekki hefur verið talin ástæða til kanna jarðvegsmengun í bæjarlandinu. Mest hættu á jarðvegsmengun væri í kringum leka olúgeyma og yrði tekið á slíku jafnskjótt og það uppgötvaðist.
- Í gildi er sérstakt boðunarkerfi olíumengunarvarna fyrir Kópavogshöfn.

Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að loft- og hávaðamengun frá samgöngutækjum og athafnastarfsemi verði innan viðmiðunarmarka. Samskipti við náttúruna verði með þeim hætti að ekki spillist að óþörfu líf og land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Markmið

Þar sem umferðarhávaði er yfir viðmiðunarmörkum, verði unnið að mótvægisáðgerðum þannig að hann náist niður fyrir viðmiðunarmörk fyrir lok árs 2006.

Þess verði gætt að loftmengun fari ekki yfir viðmiðunarmörk. Komið verði á vöktun á vatnasvæði Elliðavatns fyrir árslok 2003 og gripið til viðeigandi varnaðaraðgerða til að mengun ferskvatns verði sem minnst og skaði ekki lífríki.

• Hljóðmengun

Leið 5.1

Umferðarhávaði í nýjum hverfum verði metinn við hönnun þeirra. Mótvægisáðgerðir verði gerðar samhliða uppbyggingu hvers hverfis, sbr. viðkomandi lög og reglugerðir um viðmiðunarmörk umferðarhávaða.

Ábyrgð:

Bæjarskipulag, tæknideild, skipulagsnefnd og byggingarnefnd.

Tímasetning:

Gerist samhliða uppbyggingu.

Leið 5.2 Berist kvartanir um hávaðamengun frá Reykjavíkflugvelli yfir íbúðabyggð, verði óskað eftir reglulegum útreikningum af hálfu Flugmálastjórnar.

Ábyrgð: Heilbrigðiseftirlit.
Tímasetning: Metið árlega, í tengslum við reglubundinn samráðsfund Heilbrigðiseftirlits vegna umhverfismála flugvallar.

• Loftmengun

Leið 5.3 Aukist opinberar kröfur um upplýsingagjöf varðandi loftmengun, hlutist Kópavogsbær til um sameiginleg kaup sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á færanlegum búnaði til loftgæðamælinga.

Ábyrgð: Heilbrigðiseftirlit.
Tímasetning: Á bilinu 2005 – 2010.

Leið 5.4 Sett verði upp áminningarskilti um að drepið verði á bifreiðum við þær stofnanir bæjarins þar sem ástæða þykir til.

Ábyrgð: Tæknideild og forstöðumenn viðkomandi stofnana.
Tímasetning: Viðvarandi.

• Ferskvatnsmengun

Leið 5.5 Komið verði á reglubundinni vöktun á vatnasvæði Elliðavatns.

Ábyrgð: Tæknideild, í samvinnu við Reykjavíkurborg.
Tímasetning: Stefnt er að því að grunnrannsóknnum verði lokið fyrir árslok 2003 og vöktun hefjist í kjölfarið.

Leið 5.6 Unnið verði að því að flokka vötn, ár, læki og strandsjó með tilliti til mengunar og stefna mótuð um verndun og endurheimt.

Ábyrgð: Bæjarskipulag og Heilbrigðiseftirlit.
Tímasetning: Árið 2006 í tengslum við endurskoðun aðalskipulags.

Leið 5.7 Gerðar verði settjarnir til hreinsunar á ofanvatni sem veitt verður í Elliðaár eða Elliðavatn.

Ábyrgð: Skipulagsnefnd, umhverfisráð og tæknideild.
Tímasetning: Samhliða uppbyggingu Vatnsendahverfis.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Leið 5.8 Komið verði á vöktun á lífríki Kópavogslækjar og Fossvogslækjar með virkri þátttöku skólabarna eftir föngum. Gerlamælingar verði eftir sem áður á vegum Heilbrigðiseftirlits.

Ábyrgð: Náttúrufræðistofa Kópavogs.
Tímasetning: Hefjist 2003.

• Neysluvatn

Leið 5.9 Komið verði á fót reglubundnu eftirliti með starfsemi á vatnsverndarsvæði til að tryggja gæði neysluvatns. Sjá einnig leiðir í málaflokknum Veitur í 3. kafla hér á undan.

Ábyrgð: Heilbrigðiseftirlit.
Tímasetning: Gert árlega.

6. Náttúru- og menningarminjar

- Líkt og annarsstaðar í þéttbýli hefur byggð sett mark sitt á umhverfi og náttúruferfar í Kópavogi.
- Svæði sem hafa verið friðlýst sem náttúruvætti eru Borgir (Borgarholt), Víghólasvæði á Digraneshálsi og Tröllabörn í Lækjarbotnum.
- Á þjóðminjaskrá er Þinghóll en Kópavogsbærinn og nágrenni hans nýtur bæjarverndar.
- Á Þingnesi eru tóftir á minjaskrá en Þingnesið er jafnframt undir bæjarvernd.
- Bæjarvernduð svæði í Kópavogi eru alls 19 talsins, sjá Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 bls. 42-44.
- Bláfjallafólkvangur er friðaður sem fólkvangur.
- Fræðsluskiltum hefur verið komið fyrir við náttúru- og menningarminjar árlega síðan 1995 og verður því haldið áfram.
- Jarðvegsrof og uppblástur er á nokkrum afmörkuðum stöðum í Vatnsendalandi, aðallega í austurhlíð Vatnsendahæðar og í Vatnsendahvarfi. Einnig í landi Lækjarbotna, einkum á Selfjalli.

Verndarsvæði:

Yfirlitstafla sem sýnir helstu verndarsvæði, um hvers konar vernd er að ræða og hvar fræðsluskilti er að finna. Hér hafa einnig verið færð inn áform um verndun, skv. Aðalskipulagi 2000 – 2012.

	Náttúruminja- skrá	Náttúruvætti	Þjóðminjaskrá	Bæjarvernd	Fólkvangar	Sérstök verndun	I. fl. verndarsv.	II. fl. verndarsv.	Fornleifaskrá – hátt minjagildi	Fræðsluskilti
Kópavogsleira	●			●						
Fossvogsleira				●		●				
Trjáæktarsv. Fossvogsdal & umhv. Fossvogslækjar				●						
Kársnesfjara sunnanverð Strandsvæði við Kársnes	●						●			
Vatnasvið Elliðaáa í Elliðaárdal	●									
Dimma, efsti hluti Elliðaáa Strandsvæði við Elliðavatn				●				●		
Höfði á norðanverðu Kársnesi				●						
Húsfellsbruna						●				
Einbúi				●					●	
Álfhóll				●					●	
Hádegishólar				●					●	
Borgir á Kársnesi		●								●
Víghólar á Digraneshálsi		●								●
Tröllabörn		●	●							●
Hluti af landi Kópavogs innan Bláfjallafólkvangs					●					
Þinghóll			●							●
Þingnes			●							●
Digranesbærinn - rústir				●					●	●
Fjárhús SA Vatnsvíkur				●					●	
Engjaborg v/Fífuhvammsveg				●					●	
Trjálundur ofan Birkigrundar				●						
Trjálundur við Reynihv. & Digr.kirkju				●						
Grjótnám N Smiðjuvegur				●					●	
Sel í landi Fífuhvamms				●						
Trjálundur við Laxatanga				●						
Umhverfi Botnalækjar				●						

Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að varðveita sérstakar náttúrumyndanir og menningarsögulegar minjar í bæjarlandinu og gera þær íbúum aðgengilegar.

Markmið

**Gerð náttúruverndaráætlunar verði lokið á árinu 2004.
Skráningu fornleifa utan heimalandsins ljúki árið 2006.
Náttúru- og menningarminjaskrá Kópavogs, sem inniheldur jafnframt Fornleifaskrá, verði tekin saman fyrir árslok 2006.
Mörkuð verði stefna í efnistökmálum fyrir árslok 2004.**

• Náttúruvernd

Leið 6.1 Gerð verði náttúruverndaráætlun fyrir Kópavog.

Ábyrgð: Umhverfissráð, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Verði lokið á árinu 2004.

Leið 6.2 Framkvæmt verði reglubundið stöðumat á verndarsvæðum í bæjarlandinu. Í stöðumatinu felst úttekt á almennu ástandi viðkomandi svæðis.

Ábyrgð: Umhverfissráð, Náttúrufræðistofa Kópavogs, tæknideild og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Niðurstöður liggja fyrir við næstu endurskoðun aðalskipulags árið 2006.

Leið 6.3 Kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir bæjarvernd (hverfisvernd) byggðar og stefnt að fjölgun bæjarverndaðra svæða, sbr. Aðalskipulag Kópavogs 2000 – 2012.

Ábyrgð: Umhverfissráð, lista- og menningarráð, Náttúrufræðistofa Kópavogs, tæknideild og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Hófst árið 2002. Niðurstöður liggja fyrir við næstu endurskoðun aðalskipulags árið 2006.

• Efnisnám

Leið 6.4 Mótuð verði stefna í efnistökmálum í bæjarlandinu.

Ábyrgð: Umhverfissráð, Náttúrufræðistofa Kópavogs, tæknideild og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Verði lokið 2004.

- Leið 6.5** Unnið verði deiliskipulag fyrir efnisnám, jafnt á nýjum svæðum sem eldri.
- Ábyrgð:** Umhverfisstjórn, skipulagsnefnd, Bæjarskipulag, tæknideild, Náttúrufræðistofa Kópavogs.
- Tímasetning:** Ræðst af framkvæmdum hverju sinni.
- Leið 6.6** Gerð verði áætlun um frágang á öllum námasvæðum í bæjarlandinu.
- Ábyrgð:** Umhverfisstjórn og Bæjarskipulag í samvinnu við Vegagerðina.
- Tímasetning:** Áætlun liggja fyrir við árslok 2004.

• Menningarminjar

- Leið 6.7** Leitað verði eftir samstarfi við Reykjavíkurborg um að bæta umhverfi þingness og auka kynningu á menningarminjum þar.
- Ábyrgð:** Umhverfisstjórn, lista- og menningarráð og Bæjarskipulag í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins.
- Tímasetning:** Verði lokið fyrir árslok 2005.
- Leið 6.8** Lokið verði við skráningu fornleifa í bæjarlandinu utan heimalandsins og minjagildi þeirra metið.
- Ábyrgð:** Lista- og menningarráð, framkvæmdastjóri tómsunda- og menningarsviðs, umhverfisstjórn og Bæjarskipulag.
- Tímasetning:** Verði lokið fyrir árslok 2006.
- Leið 6.9** Fornleifaskrá Kópavogs verði sett á heimasíðu bæjarins. Leitað verði eftir samstarfi við félagasamtök um þetta verkefni.
- Ábyrgð:** Bæjarskipulag.
- Tímasetning:** Verði lokið fyrir árslok 2003.
- Leið 6.10** Fram fari skráning merkra bygginga í Kópavogi, með tilliti til sögu og byggingarlistar og í framhaldi af því mótuð stefna um verndun þeirra.
- Ábyrgð:** Lista- og menningarráð og Bæjarskipulag.
- Tímasetning:** Stefnumótun lokið fyrir næstu endurskoðun aðalskipulags 2006.

7. Græn svæði, stígar og stofnanalóðir

- Útivistarsvæði af ýmsum toga er að finna víðsvegar í bænum, bæði náttúruleg og manngerð.
- Kársnes, Kópavogsháls, Digranesháls, Fossvogsdalur, Kópavogsdalur ásamt ströndinni eru mikilvægir hlekkir í keðju opinna svæða í Kópavogi.
- Unnið er eftir umhirðuáætlun sem verður samræmd staðli sem er í undirbúningi innan „græna geirans“ á landsvísu undir stjórn Garðyrkjuskóla ríkisins.
- Notkun skordýraeiturs og illgresiseyðingarefna á grænum svæðum bæjarins hefur verið haldið í lágmarki og verður því haldið áfram.
- Unnið er að trjávernd með gagnasöfnun sem hófst haustið 1999 með mælingum á nokkrum hæstu trjám bæjarins. Undirbúningur vegna ræktunarsögu bæjarins er hafinn og stefnt er að útgáfu hennar í tengslum við 60 ára afmæli Kópavogs árið 2005.
- Mikið hefur verið gróðursett í ný skógræktarsvæði á vegum Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs og almennt verið lögð aukin áhersla á trjárækt og skógrækt í bænum. Kópavogur á hlut að „Græna treflinum“ sem er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.
- Landgræðsluskógasvæði í Kópavogi eru alls um 100 ha. að stærð á 4 stöðum; Hnoðraholti, Rjúpnahæð, Vatnsendalandi og Lækjarbotnum.
- 30 ha. skógræktarsvæðisins í Vatnsendalandi eru teknir undir „Landnemaspildur“ en það eru um 5000m² reitir sem Skógræktarfélag Kópavogs úthlutar til félaga sinna og ýmissa félagasamtaka til ræktunar.
- Gönguleiðakort hefur verið gefið út fyrir Kópavogsbæ.

Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að allir bæjarbúar eigi aðgang að góðum útivistarsvæðum. Þar verði fjölbreytt aðstaða til útiveru og afþreyingar í gróðursælu umhverfi. Áfram skal unnið markvisst að gróðursetningu trjágróðurs innan bæjarlandsins og samkvæmt sérkennum hvers svæðis.

Markmið

Uppbygging stíga og grænna svæða fylgi uppbyggingu í nýjum hverfum.

Gróður verði aukinn innan bæjarmarkanna með virkri þátttöku íbúa.

Unnið verði markvisst að endurheimt landgæða í upplöndum bæjarins og gerðar verði áætlanir um skógrækt og uppgræðslu.

• Græn svæði

Leið 7.1 Stígagerð og frágangur útivistarsvæða fylgi uppbyggingu nýju hverfanna eins og kostur er.

Ábyrgð: Umhverfisráð, tæknideild.
Tímasetning: Gerist samhliða uppbyggingu.

Leið 7.2 Unnið verði að endurbótum á stígum og frágangi útivistarsvæða í eldri hverfunum, samkvæmt hverfaskipulagi fyrir vesturbæ og austurbæ.

Ábyrgð: Umhverfisráð, tæknideild.
Tímasetning: Lokið 2006.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Leið 7.3 Gerð verði umhirðuáætlun fyrir útivistarsvæði bæjarins.

Ábyrgð: Umhverfisráð og tæknideild.
Tímasetning: Vor 2004.

Leið 7.4 Gerð verði könnun á nýtingu útivistarsvæða og umhirðu þeirra. Jafnframt verði viðhorf íbúa til útivistarsvæða könnuð.

Ábyrgð: Umhverfisráð og Bæjarskipulag.
Tímasetning: 2004 – 2005.

• Trjárækt, gróður

Leið 7.5 Lögð verði áfram áhersla á markvissa gróðursetningu á útivistarsvæðum og við samgönguæðar bæjarins.

Ábyrgð: Tæknideild, Bæjarskipulag.
Tímasetning: Viðvarandi.

Leið 7.6 Tekin verði saman saga garð- og trjáræktar í Kópavogi.

Ábyrgð: Tæknideild.
Tímasetning: Á 60 ára afmæli bæjarins 2005.

Leið 7.7 Settar verði reglur um trjávernd í Kópavogi með hliðsjón af náttúrulegum og menningarlegum sjónarmiðum. Merkileg og/eða fágæt tré verði mæld og skráð og fræðsla til íbúa varðandi trjárækt verði aukin.

Ábyrgð: Tæknideild.
Tímasetning: Vor 2004.

• Skógrækt

Leið 7.8 Unnin verði áætlun um skógrækt fyrir bæjarlandið austan Elliðavatns.

Ábyrgð: Umhverfisráð og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Lokið fyrir 2006.

• Uppgræðsla

Leið 7.9 Metin verði þörf fyrir uppgræðslu í bæjarlandi Kópavogs og gerð áætlun um forgangsröðun verkefna.

Ábyrgð: Umhverfisráð og garðyrkjustjóri.
Tímasetning: Áætlun liggja fyrir í árslok 2004.

• **Stofnanalóðir**

Leið 7.10 Lokið verði við frágang á skólalóðum í eldri hverfum bæjarins.

Ábyrgð: Tæknideild, framkvæmdadeild.

Tímasetning: Lokið 2006.

8. Menningarmál

- Á síðustu árum hefur bæjarstjórn Kópavogs lagt vaxandi áherslu á menningarmál.
- Menningarmiðstöð Kópavogs var tekin í notkun sumarið 2002 og eflidist starfsemi Bókasafns Kópavogs og Náttúrufræðistofu mikið við þá breyttu aðstöðu jafnframt því að hún hefur haft jákvæð áhrif á aðra menningarstarfsemi í bæjarfélaginu.
- Listasafn Kópavogs, þ.e. Gerðarsafn, Tónlistarskólinn, Salurinn, Náttúrufræðistofan og Bókasafnið mynda eina heild um helstu menningarstofnanir í bæjarfélaginu.
- Nú er unnið að skólasögu Kópavogs og er gert ráð fyrir að hún verði tilbúin árið 2003.
- Í lista- og menningarsjóð, er lagt ákveðið hlutfall af útsvarstekjum bæjarins sem ætlað er til menningarmála en hlutverk sjóðsins er að efla lista- og menningarlíf í Kópavogi. Hafa fjölmargir listamenn fengið styrk úr sjóðnum.
- Kópavogur hefur styrkt marga er hafa verið að skrifa um efni sem tengist menningu og sögu bæjarins.

Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að varðveita og miðla menningu og sögu til íbúanna með það að markmiði að efla tengsl þeirra við bæjarfélagið, stuðla að gróskumiklu menningarlífi og efla Kópavog enn frekar sem miðstöð menningar og lista.

Markmið

**Haldnir verði „Kópavogsdagar“ árið 2003 og síðan árlega.
Haldið verði áfram að efla menningarlíf í Kópavogi.**

• Menning og listir

Leið 8.1 Studdlað verði áfram að gróskumiklu menningarlífi í bænum og áhersla lögð á menningarstofnanir bæjarins.

Ábyrgð: Lista- og menningarráð, tómstunda- og menningarsvið.
Tímasetning: Viðvarandi.

Leið 8.2 Samstarf þeirra stofnana sem eru í menningarmiðstöðinni verði aukið og starfsemi þeirra samræmd enn frekar.

Ábyrgð: Lista og menningarráð og forstöðumenn stofnana.
Tímasetning: Viðvarandi.

Leið 8.3 Hugað verði að því að styðja við aðra sjálfstæða menningarstarfsemi með markvissum hætti.

Ábyrgð: Lista og menningarráð.
Tímasetning: Verði hluti af stefnumótun, sbr. leið 8.4.

Leið 8.4 Mótuð verði stefna sem varðar styrkveitingar í menningarmálum. Hún verði endurskoðuð reglulega við upphaf hvers kjörtímabils. Í henni verði m.a. tekið tillit til jafnræðissjónarmiða við eflingu allra listgreina í bænum.

Ábyrgð: Lista og menningarráð.
Tímasetning: Fyrst árið 2003 og síðan á fjögurra ára fresti.

Leið 8.5 Haldnir verði „Kópavogsdagar“ á hverju ári í tengslum við afmæli bæjarins, þar sem áhersla verði lögð á menningu, listir og fræðslu sem tengjast Kópavogi og umhverfi og náttúru Kópavogs.

Ábyrgð: Lista- og menningarráð í samvinnu við nefndir og stofnanir bæjarins.
Tímasetning: Verði fyrst haldnir í maí 2003 í tengslum við afmæli bæjarins og síðan árlega.

• Tónlist

Leið 8.6 Haldið verði áfram að efla tónlistar- og fræðslustarf, jafnt fyrir almenning sem og skóla.

Ábyrgð: Lista- og menningarráð og tómsunda- og menningarsvið.
Tímasetning: Viðvarandi.

Leið 8.7 Stuðlað verði að því með víðtækri samvinnu grunnskóla, tónlistarskóla og bæjaryfirvalda að tónlistarnám geti verið hluti af námi í grunnskóla.

Ábyrgð: Tómsunda- og menningarsvið, fræðslusvið.
Tímasetning: Komi að hluta til framkvæmda 2003.

Leið 8.8 Skólahljómsveit Kópavogs verði gert kleift að efla starfsemi sína.

Ábyrgð: Tómsunda- og menningarsvið.
Tímasetning: Viðvarandi.

9. Umhverfisfræðsla

- Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 fer fram umhverfisfræðsla í skólum.
- Umhverfisfræðsla er ekki sérstök námsgrein heldur skal hún samþætt öllu skólastarfi og námsgreinum.
- Umhverfisfræðsla fer fram í öllum skólum í Kópavogi og með misjöfnum áherslum en ekki er umhverfisfræðsla milli skólastiga samþætt.
- Nokkrir grunnskólar í Kópavogi hafa sett sér umhverfisstefnu og vinna samkvæmt henni.
- Gott og markvisst starf er í leikskólum og umhverfisstefna leikskóla var samþykkt árið 2001.
- Vinnuskóli Kópavogs hefur verið með umhverfisfræðslu síðan 1991.
- Gefið hefur verið út námsefnið „Þar á ég heima“ um lífríki og umhverfi Kópavogs. Það er ætlað til notkunar í grunnskólum.
- Náttúrufræðistofa Kópavogs hefur tekið á móti leikskólabörnum og haldið sumarnámskeið fyrir 8 - 12 ára börn. Aðstaða stofnunarinnar til umhverfisfræðslu hefur batnað til mikilla muna með nýjum húsakynnum sem tekin voru í notkun árið 2002.

Stefna

Það er stefna Kópavogs að miðla hvers konar upplýsingum og fræðslu er varða umhverfismál bæjarins til íbúa. Markviss umhverfisfræðsla með áherslu á tengsl manns og náttúru og sjálfbæra þróun, sé á öllum skólastigum og nái einnig til almennings.

Markmið

Gerð verði aðgerðaáætlun á árinu 2003 fyrir umhverfisstarf leikskóla, byggð á umhverfisstefnu þeirra.
Frá og með árinu 2003 verði lögð aukin áhersla á upplýsingar um umhverfismál til íbúa, m.a. í ársskýrslu bæjarins.
Gerð verði áætlun um umhverfisfræðslu í samstarfi Náttúrufræðistofu og leik-, grunn- og vinnuskóla og taki hún gildi á árinu 2003.

• Fræðsla á vegum Náttúrufræðistofu

Leið 9.1

Gerð verði áætlun um umhverfisfræðslu- og rannsóknaverkefni í samstarfi Náttúrufræðistofu, leik- og grunnskóla og vinnuskóla.

Ábyrgð:

Náttúrufræðistofa Kópavogs og samstarfsaðilar.

Tímasetning:

Hefjist á árinu 2003 og verði 1 – 3 verkefni á hverju ári.

• Fræðsla í leik- og grunnskólum

Leið 9.2

Leikskólar og grunnskólar verði hvattir til að móta sér stefnu í umhverfismálum og umhverfismennt og fylgi henni eftir með viðeigandi aðgerðum.

Ábyrgð:

Skólanefnd, leikskólanefnd og tómskúla- og menningarsvið.

Tímasetning:

Lokið fyrir árslok 2003.

Leið 9.3 Boðið verði upp á námskeið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla og stuðning við að byggja upp umhverfisfræðslu.

Ábyrgð: Fræðsluskrifstofa í samvinnu við umhverfisráð.
Tímasetning: Fyrsta námskeið verði haldið á haustönn 2004 og síðan árlega.

• Almennigur

Leið 9.4 Í ársskýrslu verði birtar niðurstöður úr grænu bókhaldi bæjarins.

Ábyrgð: Bæjaryfirvöld og stjórnsýslusvið.
Tímasetning: Verði fyrst gert í ársskýrslu fyrir árið 2004.

Leið 9.5 Kópavogsbúum verði boðið að taka þátt í uppgræðslu og skógrækt innan bæjarlandsins, t.d. með því að taka ákveðna reiti í fóstur til gróðursetningar.

Ábyrgð: Umhverfisráð og garðyrkjustjóri.
Tímasetning: Fyrirkomulag liggja fyrir og verkefni geti hafist vorið 2004.

Leið 9.6 Haldið verði áfram uppsetningu fræðsluskilta um náttúrufar og sögu í samræmi við gildandi áætlun.

Ábyrgð: Umhverfisráð og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Gert árlega.

Leið 9.7 Fræðsla til almennings um áhrif heimilishalds á umhverfið og mögulegar aðgerðir til að draga úr slíkum áhrifum.

Ábyrgð: Umhverfisráð og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Viðvarandi.

10. Íþróttta-, æskulýðs- og tómstundastarf

- Æskulýðs- og tómstundastarf í Kópavogi hefur stóraukist síðastliðin ár.
- Í Kópavogi eru 9 íþróttahús, ýmist rekin af bænum, íþróttafélögum eða í einkaeign. Sundlaug Kópavogs er á Rútstúni.
- Í Kópavogi eru 9 íþróttafélög og lagt er stund á 16 íþróttagreinar.
- Samkvæmt starfsskýrslum frá UMSK fyrir árið 2002 voru um 6.900 virkir iðkendur íþróttta í Kópavogi.
- Útiíþróttasvæði eru í Fossvogsdal, í Kópavogsdal og Vallargerðisvöllur er í vesturbænum. Við alla skólana eru leiksvæði, spark-, tennis- og körfuboltavellir. Álíka svæði má einnig finna í flestum hverfum.
- Hestamannafélagið Gustur hefur svæði til umráða í Lindahverfi og sér um rekstur svæðisins og þess húsnæðis sem þar er.
- Siglingar eru stundaðar frá Vesturvör.
- Golfvöllur er í uppbyggingu á mörkum Kópavogs og Garðabæjar í landi Vífilsstaða og yfir í Leirdal í Salahverfi.
- Stutt er myndarlega við bakið á afreksíþróttafólki í bænum með uppbyggingu á aðstöðu og ýmsum styrkjum.
- Á undanförunum árum hefur verið lögð vaxandi áhersla á jafnrétti kynjanna í íþróttum. M.a. eru bæði íþróttakarlar og íþróttakona Kópavogs tilnefnd og viðurkenningar veittar.
- Markvisst er unnið að eflingu almenningsíþróttta í bænum. M.a. hefur verið gefið út göngu- og hlaupaleiðakort af Kópavogi, foreldraleikfimi er stunduð í flestum skólum og almenningi gefst kostur á að nýta sér tíma í íþróttamannvirkjum á vegum bæjarins.
- Dægradvöl í grunnskólum, leikskólum og félagsmiðstöðvar hafa nýtt sér íþróttamannvirki í bænum.
- Félagsmiðstöðvar fyrir unglínga eru í öllum grunnskólum í bænum.
- A.m.k. 30 félög starfa í Kópavogi, m.a. trúfélög, kvenfélög, kórar og líknarfélög.

Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að stuðla að öflugum og fjölbreyttu íþróttta-, æskulýðs- og tómstundastarfi með góðu aðgengi, þannig að allir eigi kost á að taka þátt. Haft verði að leiðarljósi að efla einstaklinga, samkennd þeirra og samvinnu og tengsl þeirra við umhverfið.

Markmið

Boðið verði upp á aðstæður til að stunda þær íþróttagreinar sem vinsælastar eru innan bæjarfélagsins fyrir árslok 2005.

Börnum innan 10 ára aldurs verði gert kleift að stunda sem flestar hefðbundnar íþróttagreinar innan síns hverfis fyrir árslok 2009.

Allt að 20% tíma í íþróttahúsum bæjarins verði opin almenningi til íþróttaiðkunar fyrir árslok 2005.

Áfram verði hvatt til stofnunar Ungmenna- og íþóttabandalags sem og Æskulýðs- og tómstundabandalags.

Félagsmiðstöðvar ÍTK geti þjónað hlutverki hverfislægra miðstöðva fyrir æskulýðs-, tómstunda- og félagsstarf íbúa fyrir árslok 2006.

Boðið verði upp á félags- og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk á miðbæjarsvæðinu frá árinu 2004.

• Íþróttaaðstaða

Leið 10.1 Stöðugt verði metin þörf á uppbyggingu íþrótt- og æskulýðsaðstöðu svo að hægt verði að ná markmiðum Staðardagskrár 21, þó þannig að sú uppbygging stuðli að jafnvægi í framboði og eftirspurn.

Ábyrgð: Bæjarráð og ÍTK í samvinnu við tæknideild.
Tímasetning: Viðvarandi.

Leið 10.2 Unnið verði áfram að því að bæta skíðaáðstöðu á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við þau sveitarfélög sem standa að Bláfjallanefnd, samkvæmt áætlunum nefndarinnar.

Ábyrgð: Bæjarráð, Bláfjallanefnd og ÍTK.
Tímasetning: Fyrir árslok 2007.

Leið 10.3 Byggð verði upp framtíðaraðstaða fyrir siglingar við landfyllingu bryggjuhverfis á Kársnesi. Um er að ræða félagsaðstöðu, aðstöðu fyrir báta og aðstöðu til að geyma búnað.

Ábyrgð: Bæjarráð og ÍTK.
Tímasetning: Fyrir árslok 2006.

• Samstarf

Leið 10.4 Félag í bænum verði sem áður, hvött til að stofna íþrótt- og ungmennabandalag í bænum.

Ábyrgð: ÍTK hvetji til, en endanleg ákvörðun er í höndum íþrótt- og ungmennafélaga.
Tímasetning: Æskilegt að búið verði að stofna íþrótt- og ungmennabandalag fyrir árslok 2007.

Leið 10.5 Hvatt verði til stofnunar æskulýðs- og tómstundabandalags í bænum.

Ábyrgð: ÍTK hvetji til, en endanleg ákvörðun er í höndum æskulýðs- og tómstundafélaga.
Tímasetning: Æskilegt að búið verði að stofna æskulýðs- og tómstundabandalag fyrir árslok 2007.

• Félagsmiðstöðvar

Leið 10.6 Félagsmiðstöðvar ÍTK verði hverfastöðvar æskulýðs- og tómstundastarfs í bænum.

Ábyrgð: ÍTK í samvinnu við æskulýðs- og tómstundafélög.
Tímasetning: Samhliða stækkun bæjarins.

Leið 10.7 Komið verði á fót félags- og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk (16 - 20 ára) í bænum og leitað hugmynda hjá þessum aldurs hópi.

Ábyrgð: ÍTK og bæjarráð.
Tímasetning: Taki til starfa 2004.

• Nýting húsnæðis

Leið 10.8 Markvisst verði unnið að því að nýta húsnæði grunnskólanna utan hefðbundins skólatíma til æskulýðs-, félags og tómstundastarfs fyrir íbúa hverfisins.

Ábyrgð: ÍTK, Bæjarráð, tómstunda- og menningarsvið.
Tímasetning: Viðvarandi.

• Félagasamtök

Leið 10.9 Markvisst verði stutt við starfsemi frjálsra félagasamtaka í bænum, m.a. með því að bjóða upp á afnot af húsnæði bæjarins til samkomu- og félagsstarfs á þeirra vegum.

Ábyrgð: ÍTK, bæjarráð og tómstunda- og menningarsvið.
Tímasetning: Viðvarandi.

• Börn og unglingar

Leið 10.10 Markvisst verði unnið að forvarnarstarfi með því að auka og bæta íþrótta- og tómstundatilboð fyrir börn og unglinga í sínu heimahverfi til að sporna við brottfalli þeirra úr heilbrigðu íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfi.

Ábyrgð: ÍTK, félagasamtök.
Tímasetning: Viðvarandi.

• kynslóðir og jafnrétti

Leið 10.11 Markvisst verði unnið að samvinnu kynslóðanna í íþrótta- og tómstundastarfi.

Ábyrgð: ÍTK, Félagspjónustan, bæjarráð.
Tímasetning: Viðvarandi.

Leið 10.12

Unnin verði jafnréttisáætlun í íþróttum og félagsstarfi. Miði hún að því að íþrótta- og tómstundaframboð í bænum höfði jafnt til stúlkna og stráka. Áætlunin nái jafnt til þess sem gert er á vegum bæjarins og starfsemi íþrótta- og tómstundafélaga. Hún fjalli einnig um jafnrétti meðal starfsmanna á þessum vettvangi.

Ábyrgð:

ÍTK og jafnréttisráðgjafi.

Tímasetning:

Áætlun liggja fyrir við árslok 2004.

11. Félagsþjónusta

- Mótun heildstæðrar fjölskyldustefnu hefst 2003 með þátttöku allra stjórnsýslusviða sveitarfélagsins.
- Eyðublöð vegna félagsþjónustu eru komin á heimasíðu Kópavogsbæjar.
- Upplýsingaefni um Félagsþjónustu Kópavogs hefur verið gefið út á sex tungumálum.
- Alþjóðavika var haldin í fyrsta sinn haustið 2002 með breiðri þátttöku stofnana og einstaklinga og var hún mjög vel heppnuð.
- Félagsstarf aldraðra í Kópavogi er mjög öflugt og eru tvö félagsheimili aldraðra starfandi. Lögð er áhersla á að virkja einstaklinga og ýta undir frumkvæði þeirra, tengja saman kynslóðir í leik og starfi. Starfsmenn vinni með eldra fólki en ekki fyrir fólkið. Yfirskrift félagsstarfsins er „Gerðu það sjálfur góði“.
- Tillögur um samstarf við Heilsugæsluna liggja fyrir varðandi forvarnir í barnaverndarmálum.
- Unnið er að því að efla ímynd Félagsþjónustunnar bæði inn og út á við.
- Vorið 2003 voru samtals 306 félagslegar eignaríbúðir í Kópavogi, 158 leigu- og kaupleiguíbúðir og 83 sérstaklega ætlaðar eldri íbúum bæjarfélagsins, þar af 74 leigu- og kaupleiguíbúðir og 9 eignaríbúðir. Samtals eru þetta 547 íbúðir.
- Húsaleigubætur eru einungis greiddar vegna samþykks íbúðarhúsnæðis.
- Samningar um félagslegt leiguhúsnæði eru gerðir til eins árs í senn en lengur þegar um ellilífeyrisþega er að ræða. Eftirlit með umgengni er viðhaft þegar tilefni gefst til.
- Tilsjónarsambýli fyrir unglina í eftirmeðferð var tekið í notkun árið 2002.
- Sett hefur verið á stofn staða forvarnarfulltrúa Félagsþjónustunnar með aðsetur hjá lögreglu. Starfsvettvangur er aðallega bundinn grunnskólum bæjarins en forvarnarfulltrúinn vinnur einnig að því að leggja grunn að öflugri samstarfi lögreglu, félagsþjónustu, skóla og foreldrafélaga.

Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að Kópavogsbúar búi við félagslegt öryggi og fái félagslega þjónustu sem tekur mið af þörfum þeirra hverju sinni, hvar sem þeir eru staddir á lífsleiðinni. Sérstök áhersla er lögð á fyrirbyggjandi starf og stuðning til sjálfshjálpar þar sem samráð og mannvirðing ráða för.

Markmið

Mótun heildstæðrar fjölskyldustefnu verði lokið árið 2005.

Stuðlað verði að því að framboð á leiguhúsnæði sé fullnægjandi hverju sinni.

Leitast verði við að aðstoða fólk með geðraskanir til sjálfstæðrar búsetu.

Heimaþjónusta verði eflað með aukinni samvinnu Félagsþjónustu og Heilsugæslu.

Stefnt er að því að fækka alvarlegum barnaverndarmálum með forvörnum og að ná í því sambandi mælanlegum árangri miðað við árið 2001.

• Fjölskyldustefna

Leið 11.1 Félagssvið vinni að mótun fjölskyldustefnu í þeim málefnum sem því eru falin samkvæmt lögum, þ.e. húsnæðismálum, þjónustu við fatlaða, aldraða og unglinga, félagslega heimaþjónustu, fjárhagsaðstoð, barnavernd og almenna ráðgjöf.

Ábyrgð: Félagsmálaráð og húsnæðisnefnd.

Tímasetning: Hefjist á árinu 2003 og verði lokið árið 2005.

• Þjónusta við aldraða

Leið 11.2 Fjölbreytni í félagsstarfi aldraðra verði aukin enn frekar með virkri þátttöku eldri borgara sjálfra.

Ábyrgð: Félagsmálaráð og Félagspjónustan.

Tímasetning: Viðvarandi.

• Húsnæðismál

Leið 11.3 Unnið verði að framtíðarstefnumótun í húsnæðismálum (félagslegt húsnæði og almennt leiguhúsnæði).

Ábyrgð: Húsnæðisnefnd, Félagspjónustan og Bæjarskipulag.

Tímasetning: Hefjist á árinu 2003.

• Þjónusta við fatlaða

Leið 11.4 Sett verði á laggirnar búsetuúrræði með stuðningi fyrir fólk með geðfötlun.

Ábyrgð: Félagsmálaráð í samvinnu við ríkið.

Tímasetning: Undirbúningur hefst 2003 og úrræðið verði viðvarandi.

• Félagsleg heimaþjónusta

Leið 11.5 Gerð verði áætlun um að sameina rekstur félagslegrar heimaþjónustu Félagspjónustunnar og heimahjúkrunar Heilsugæslunnar.

Ábyrgð: Félagsmálaráð og Félagspjónustan í samvinnu við Heilsugæslu Kópavogs.

Tímasetning: Undirbúningur hafinn 2003.

• Barnavernd

Leið 11.6 Unnið verði að þróunarverkefni í samstarfi við Heilsugæslu Kópavogs varðandi forvarnir í barnaverndarmálum.

Ábyrgð: Félagsmálaráð í samvinnu við Heilsugæslu Kópavogs.

Tímasetning: Hófst árið 2001.

• Málefni útlendinga

Leið 11.7 Fylgt verði eftir stefnumótun Kópavogs í málefnum útlendinga og sérstaklega starfsáætlun Félagspjónustunnar. Hún verði unnin í samvinnu við Rauða kross Íslands.

Ábyrgð: Félagsmálaráð, skólanefnd, ÍTK, leikskólanefnd, Heilsugæslan og hlutaðeigandi stofnanir.

Tímasetning: Var samþykkt 2001. Unnið eftir til 2005.

• Kynningarstarf

Leið 11.8 Unnin verði áætlun um reglulegt kynningar- og fræðslustarf fyrir samstarfsaðila Félagspjónustunnar, s.s. leikskóla, skóla, lögreglu og Heilsugæsluna.

Ábyrgð: Félagsmálaráð og Félagspjónustan í samvinnu við ofangreinda samstarfsaðila.

Tímasetning: Viðvarandi.

12. Stjórnsýsla

- Kópavogur hefur heimasíðu með upplýsingum um allfesta þjónustu og aðstöðu sem bærinn býður upp á.
- Útvarpað er frá bæjarstjórnarfundum í Kópavogi og ársskýrslu bæjarins er dreift á öll heimili.
- Sorpflokkun á sér stað í stofnunum en þróun og eftirlit fellur undir tæknideild.
- Innkaup á rekstrarvörum eru ekki miðlæg, stofnanir eru sjálfstæðar. Fjármála- og stjórnsýslusvið hefur gert verðkannanir, leitað tilboða og gert rammásamninga en í kjölfarið hefur ekki verið um innkaupaeftirlit að ræða.
- Forstöðumenn stofnana eru hvattir til að spara en þeir sem nota vörurnar eru í bestri aðstöðu til að meta hvað hentar best með tilliti til verðs og gæða.
- Hafin er endurskoðun jafnréttisáætlunar bæjarins og lýkur árið 2003. Þá verði hún kynnt og gerð aðgengileg fyrir alla.
- Fyrirtæki og stofnanir bæjarins eiga að setja sér jafnréttisáætlun sem er skilað til ráðgjafa og nefndar og endurskoðuð árlega. Einnig eiga nefndir og ráð bæjarins að taka mið af jafnréttissjónarmiðum í verkefnum sínum.
- Skipting eftir kynjum í ráðum og nefndum bæjarins er þannig að 65% eru karlar en 35% eru konur.

Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að leggja áherslu á gott þjónustuviðmót starfsmanna og gott upplýsingastreymi um starfsemi bæjarins.

Haft verði í vaxandi mæli samráð við íbúa og hagsmunaaðila um málefni bæjarins.

Rekstur bæjarins, stofnana og uppbygging á hans vegum taki mið af sjálfbærri þróun.

Markmið

Ánægja íbúa með skilvirkni afgreiðslu og upplýsingastreymi af hálfu bæjarins, verði mæld með reglubundnum hætti. „Ánægjustuðull“ verði skilgreindur og nái ásættanlegu marki frá og með árinu 2005.

Frá árinu 2003 taki gildi innkaupastefna í stofnunum bæjarins, þar sem tekið verði mið af umhverfisþáttum við innkaup, auk gæða og verðs.

Stofnanir bæjarins setji sér umhverfisstefnu sem taki gildi árið 2006.

• Þjónusta

Leið 12.1

Gerð verði könnun meðal bæjarbúa um viðhorf til þeirrar þjónustu og upplýsingamiðlunar sem bærinn veitir. Gerð verði áætlun um úrbætur með hliðsjón af niðurstöðum.

Ábyrgð:

Bæjarráð, bæjarritari í samvinnu við öll svið bæjarins.

Tímasetning:

Fyrst gert í október 2003 og síðan aftur árið 2005 til að meta árangur.

• Innkaupastefna og grænt bókhald

Leið 12.2 Mótuð verði innkaupastefna þar sem tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða auk verðs og gæða.

Ábyrgð: Umhverfissráð, bæjarritari og þeir sem sjá um innkaup á hverju sviði.
Tímasetning: Undirbúningur hefjist 2003, taki gildi 2004.

Leið 12.3 Grænt bókhald verði til hliðsjónar því bókhaldi sem fært er samkvæmt tilmælum frá félagsmálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ábyrgð: Bæjarritari.
Tímasetning: Frá 2004.

• Atvinnumál

Leið 12.4 Lögð verði áhersla á að bæta ímynd Kópavogs sem matvælabæjar á sviði úrvinnslu matvæla með reglubundnum matvælasýningum og samstarfi við MK.

Ábyrgð: Atvinnu- og upplýsinganefnd og stjórnsýslusvið, ásamt markaðsstjóra.
Tímasetning: Stefnt er að því að matvælasýning verði í fyrsta sinn með alþjóðlegu ívafi, 2004.

Leið 12.5 Kópavogshöfn er tollhöfn. Hlutverk hafnarinnar á sviði viðgerða og þjónustu verði eftt, m.a. með stækkun hafnarsvæðisins með landfyllingum.

Ábyrgð: Hafnarstjórn.
Tímasetning: Framtíðarverkefni, en áhersla er lögð á næstu ár.

• Jafnrétti kynja

Leið 12.6 Unnið verði að því með þeim ráðum sem tiltæk eru að fjölga konum/körllum í þeim störfum þar sem viðkomandi kyn er í minnihluta.

Ábyrgð: Starfsmannastjóri og bæjarstjórn.
Tímasetning: Viðvarandi.

Leið 12.7 Kópavogsbær standi fyrir námskeiðum um jafnréttismál og gerð jafnréttisáætlana fyrir tiltekna markhópa.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd og jafnréttisráðgjafi.
Tímasetning: 2003 og eftir þörfum.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Leið 12.8 Að veita hvatningu og vekja athygli á því sem vel er gert í jafnréttismálum, hjá bænum og utan hans.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd, jafnréttisráðgjafi og bæjarstjórn.
Tímasetning: Fyrst gert á árinu 2003 og síðan árlega.

Leið 12.9 Í jafnréttisfræðslu á að þætta saman fræðslu um almenn mannréttindi við önnur gildi samfélagsins í anda jafnréttisáætlunar og áætlunarinnar „Samfélag fyrir alla“. Þessi fræðsla á að vera á öllum skólastigum og ná til almennings eftir að almennri skólagöngu lýkur.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd, jafnréttisráðgjafi, fræðslufulltrúi og forvarnarfulltrúi Félagspjónustunnar.
Tímasetning: Viðvarandi.

• Grænt bókhald

Leið 12.10 Tekið verði upp grænt bókhald fyrir Kópavogsbæ og í því skyni verði skilgreindar lykiltölur, vöktun og verkferli.

Ábyrgð: Umhverfisráð, bæjarskipulag og bæjarritari.
Tímasetning: Undirbúið á árinu 2003 og taki gildi frá og með árinu 2004.

• Nánari útfærsla og endurskoðun Staðardagskrár 21

Leið 12.11 Staðardagskrá Kópavogsbæjar verði endurskoðuð með reglulegu millibili.

Ábyrgð: Bæjarstjórn og bæjarstjóri.
Tímasetning: Leiðir verði endurskoðaðar á hverju ári í tengslum við fjárhagsáætlunargerð, fyrst árið 2004 þegar unnið verður að áætlun fyrir árið 2005. Fyrsta endurskoðun stefnu og markmiða hefjist árið 2006 í tengslum við endurskoðun Aðalskipulags.

Leið 12.12 Haldnir verði reglulegir samráðsfundir allra sviða um Staðardagskrá 21 til að meta stöðuna í Staðardagskrárstarfinu.

Ábyrgð: Bæjarstjórn og bæjarstjóri.
Tímasetning: Einu sinni á ári, í sept./okt.

Leið 12.13 Unnin verði aðgerðaáætlun Staðardagskrár 21 þar sem leiðir eru skilgreindar nánar og þeim áfangaskipt. Áætlunin nái fyrst og fremst til þeirra leiða er varða lykiltölur í grænu bókhaldi.

Ábyrgð: Umhverfisráð og Bæjarskipulag.
Tímasetning: Liggi fyrir 2003 og taki gildi frá og með árinu 2004.

13. Heilsugæsla

- Heilsugæslan Kópavogi er samrekin úr tveimur húsum Fannborg 7 - 9 og Smárahvammi, Hagasmára 5. Ný heilsugæslustöð mun verða tekin í notkun við Salaveg 2 síðla árs 2003.
- Heilsugæslan skiptist í móttöku lækna og hjúkrunarfræðinga, heilsuvernd og heimahjúkrun.
- Heilsugæslan er að hluta til hverfisbundin. Það er þó ekki algilt því að þeir sem eru á skrá hjá ákveðnum heimilislækni sækja til þeirrar stöðvar þar sem hann starfar. Ef fólk hefur ekki kost á að hafa heimilislækni getur það skráð sig á þá heilsugæslustöð sem það tilheyrir vegna búsetu og fengið sína pappíara senda þangað. Starfsemi stöðvanna er sameiginleg að hluta og auðvelt er að leita leiða um úrlausnir fyrir skjólstæðinga þar sem tölvukerfi og símkerfi er samtengt.
- Heimahjúkrunin er öll rekin frá Fannborg og kvöldþjónusta í samvinnu við heilsugæslustöðvarnar í Garðabæ og Hafnarfirði.
- Áætlað er að um 1600 - 2000 manns séu skráðir á hvern lækni og 1000 manns á hvern hjúkrunarfræðing.
- Heildarstöðugildi eru 11 fyrir lækna og 22 fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður.
- Heilsuverndin felur í sér mæðravernd, ung- og smábarnavernd, heilsugæslu í skólum og annað forvarnarstarf.
- Boðið er upp á sérstaka móttöku fyrir ungt fólk á aldrinum 14 - 20 ára því að kostnaðarlausu einu sinni í viku. Þessari þjónustu er sinnt af læknum og hjúkrunarfræðingum.
- Samstarf er milli leikskóla og heilsugæslu um að þroskaþróf fari fram á sem flestum leikskólunum, sem er einn liður í því að fjölga þeim fagaðilum sem starfa saman með hagsmuni barna í fyrirrúmi.
- Hjúkrunarfræðingur er starfandi við Menntaskólann í Kópavogi og tilheyrir það skólaheilsugæslu.
- Alþingi hefur nýlega samþykkt lög þar sem gert er ráð fyrir að sveitarfélög fari út úr rekstri heilsugæslustöðva og eigi þá ekki lengur fulltrúa í stjórn. Þar með dregur í reynd úr möguleikum sveitarstjórna til að hafa áhrif á heilsugæslu í viðkomandi sveitarfélagi.
- Ný heilsugæslustöð tekur til starfa í Salahverfi haustið 2003 og verður hún einkarekin til næstu 8 ára .

Stefna

Það er stefna Kópavogsbæjar að heilsugæsla verði aðgengileg öllum aldurs- og þjóðfélagshópum í öllum bæjarhlutum. Forvarnir verði eflidar og stuðlað að sameiginlegri ábyrgð til bættra forvarna.

Markmið

**Frá árinu 2005 verði 600 - 800 íbúar í Kópavogi á hvern hjúkrunarfræðing og 1000 - 1200 á hvern lækni.
Nýtt húsnæði fyrir Heilsugæslustöðina í Fannborg verði tekið í notkun um áramót 2003 / 2004.
Ný 4 - 6 lækna heilsugæslustöð í Salahverfi taki til starfa haustið 2003.
Heilsugæslustöðvar í Kópavogi verði áfram reknar sem ein stofnun.**

Leið 13.1

Bæjaryfirvöld þrýsti á heilbrigðisráðuneyti um úrbætur á húsnæðismálum Heilsugæslustöðvarinnar í Fannborg.

Ábyrgð:

Bæjarráð í samvinnu við Heilsugæslustöð Kópavogs.

Tímasetning:

Áramót 2003/2004.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Leið 13.2 Mótuð verði sameiginleg stefna um aukið samstarf Heilsugæslunnar í Kópavogi og sjálfstætt starfandi stöðvar í Salahverfi og bæjaryfirvalda, s.s. leik-, grunn- og framhaldsskóla og Félagsþjónustu.

Ábyrgð: Félagsmálaráð og skólaskrifstofa.
Tímasetning: Hefjist árið 2004, stefna liggja fyrir í byrjun árs 2005.

Leið 13.3 Fyrirliggjandi stefnumörkun um samstarf Heilsugæslunnar í Kópavogi og Félagsþjónustu verði tekin til umfjöllunar hjá bæjaryfirvöldum.

Ábyrgð: Félagsmálaráð, Félagsþjónustan og Heilsugæslan.
Tímasetning: Verði á árinu 2004.

Leið 13.4 Við nýbyggingar á vegum bæjarins, sé tekið mið af vaxandi þörf fyrir aðstöðu vegna heilsugæsluþjónustu úti í stofnunum, einkum í skólum.

Ábyrgð: Tæknideild.
Tímasetning: Frá og með árinu 2003.

Orðskýringar

Aðalskipulag:

Skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngur, þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu. Áætlunin þarf að gilda fyrir minnst 12 ára tímabil og ná yfir allt land sveitarfélagsins.

Bæjarland – heimaland:

Land Kópavogsbæjar vestan Elliðavatns alls um 1.730 ha.

Bæjarvernd – sjá hverfisvernd**Deiliskipulag:**

Skipulagsáætlun fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan sveitarfélagsins, sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess, þ.e. hvað má gera á ákveðnu svæði.

Endurvinnsla:

Endurvinnsla felur í sér að úrgangsefnum er umbreytt í vöru til upprunalegra nota eða til annarrar notkunar. Þar með er talin lífræn endurvinnsla en ekki orkuvinnsla. Með endurvinnslu á einnota umbúðum, eins og plastflöskum, áldósum, glerflöskum, pappa og fleiru er hægt að skapa mikil verðmæti og spara náttúruauðlindir með það að markmiði að sporna við mengun umhverfisins.

Ferskvatn:

Ferskvatn er vatn sem verður til á náttúrulegan hátt, hefur lítinn saltstyrk og er yfirleitt nýtanlegt til töku og vinnslu sem neysluvatn.

Fitu- og olíuskiljur:

Fitu- og olíuskiljur eru búnaður sem skilur fitu og olíu frá vatni. Vatnið fer síðan út í fráveitukerfið en þeirri fitu eða olíu sem safnast í skiljuna er fargað á viðeigandi hátt. Búnaðurinn er notaður til að bregðast við hættu á mengun í sjó og vötnum.

Flokkun gatna:

Götur er flokkaðar samkvæmt skipulagsreglugerð í fjórar tegundir gatna: Stofnbrautir eru stærstu umferðaræðarnar, þá tengibrautir, síðan safnbrautir og loks húsagötur.

Húsagötur:

Húsagötur eiga fyrst og fremst að veita aðgang að húsum og starfsemi við viðkomandi götu.

Safnbrautir:

Safnbrautir eru helstu umferðargötur innan hvers hverfis. Þær tengja húsagötur við tengi- og stofnbrautir.

Tengibrautir:

Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautakerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta.

Stofnbrautir:

Stofnbrautir eru aðalumferðaræðar í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Flokkun sorps/úrgangs:

Úrgangstegundir eru aðgreindar til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar. Flokkun úrgangs er forsenda endurvinnslu. Greint er milli tveggja gerða flokkunar, þ.e. upprunaflokkunar, sem er flokkun úrgangs á heimilum og í fyrirtækjum/stofnunum, og flokkunar á flokkunarstöðvum þar sem úrgangur er flokkaður í stórum stöðvum.

Hér á landi er skylda að flokka spilliefni úr úrgangi. Öll frekari flokkun er á valdi sveitarfélaganna.

Fornleifar:

Fornleifar eru hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Dæmi um fornleifar eru rústir og gömul bæjarstæði, gamlir vegir, stíflur eða brýr, hafna- og bátalægi, skipsflök, vörður og vitar, gamlir þingstaðir, hof og vé, áletranir og myndir af manna völdum, haugar og dysjar. Að jafnaði eru minjar 100 ára og eldri taldar til fornleifa en þó er heimilt að friðlýsa yngri minjar.

Fornleifaskrá:

Fornleifaskráning skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Við fornleifaskráningu skal þess gætt, að teknar séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki. Allir minjastaðir skulu færðir á kort og gerðar lýsingar og uppdráttir af þeim minjum sem sýnilegar eru. Fornleifaskráningu telst því aðeins lokið að út hafi komið fjölrítuð, prentuð eða stafræn skýrsla um hana. Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess samkvæmt skipulagslögum.

Fólkvangur:

Fólkvangur er svæði sem samkvæmt náttúruverndarlögum er friðlýst sem útivistarsvæði í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög. Fólkvangar eru stofnaðir að frumkvæði sveitarfélaga og sjá þau einnig um reksturinn. Tilgangurinn með fólkvöngum er að tryggja almenningi aðgang að svæðum til þess að njóta útivistar.

Fráveita:

Fráveita er leiðslukerfi sem leiðir fráveituvatn frá þéttbýlisstöðum og atvinnurekstri til viðtaka sem þynnir það eða eyðir því. Safnræsi og búnaður til hreinsunar á skólpi telst partur af fráveitukerfinu.

Friðland:

Friðland kallast það landsvæði sem friðlýst er samkvæmt náttúruverndarlögum vegna sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs. Markmið friðlýsinga eru mismunandi sem og reglur sem á svæðunum gilda. Friðlönd eru í mörgum tilfellum á landi í einkaeigu eða á afréttum og reglur um þau eru samkomulagsatriði milli rétthafa lands og Umhverfisstofnunar.

Friðlýst náttúruvætti:

Friðlýst náttúruvætti eru náttúrumyndanir, svo sem fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steintegunda og steinda, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.

Grunnvatn:

Grunnvatn er vatn sem fyllir allar glufur og sprungur í jarðlögum neðan tiltekens dýpis. Yfirborð grunnvatns nefnist grunnvatnsborð og fylgir að mestu landslagi en jafnan er grynna á það í lægðum. Þar sem grunnvatnsborð sker yfirborð jarðar koma yfirleitt fram lindir. Grunnvatnsborð stendur oftast í sömu hæð og vatnsborð vatnsfalla og stöðuvatna.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Grunnþjónusta í hverfum (sbr. leið 1.5.):

Eftirtalið telst til grunnþjónustu í hverfum:

- lagnir
- veitur
- götur
- gangstéttar
- skólar
- leikskólar
- leiksvæði
- stígar
- opin svæði
- hverfisverslun
- almenningssamgöngur.

Græni trefillinn:

Græni trefillinn er samfelld skógræktar- og útivistarsvæði ofan byggðar höfuðborgarsvæðisins en hann nær frá Esjuhlíðum í norðri suður fyrir Hafnarfjörð.

Græni trefillinn markar jafnframt vaxtarmörk þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu.

Grænt bókhald:

Grænt bókhald er efnisbókhald þar sem fram koma tölulegar upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi. Grænt bókhald er haldið fyrir notkun auðlinda og losun mengandi efna. Haldið er grænt bókhald fyrir mismunandi þætti í starfsemi sveitarfélagsins yfir ákveðið bókhaldstímabil t.d. eitt ár og er skilgreint fyrir hvern mælikvarða hvernig upplýsingunum er safnað og hvernig þær eru fram settar. Þetta er gert til að upplýsingarnar séu samanburðarhæfar milli ára. Grænt bókhald er sett fram á töfluformi en einnig er hægt að birta upplýsingar um einstaka þætti myndrænt, t.d. með línuritum, súluritum eða skífuritum.. Niðurstöður græns bókhalds fyrir hvert bókhaldstímabil þess eru settar fram í skýrslu.

Með því að halda og birta grænt bókhald fyrir ákveðið bókhaldstímabil má fylgjast með því hvort mælanlegum markmiðum fyrir viðkomandi umhverfisþætti sé náð og skilgreina ný markmið fyrir næsta bókhaldstímabil.

Hávaðamengun:

Hávaði er óumbeðið hljóð. Hávaðamengun er hávaði í umhverfi manna í þeim mæli að hann ógni heilsu manna. Margir verða fyrir hávaðamengun, m.a. frá umferð, flugi, atvinnurekstri eða nágrönnum. Hávaðamengunar gætir þó einkum á vinnustöðum. Auk heyrnarskaða er talið að hávaðamengun geti einnig valdið ýmsum öðrum truflunum á líkamsstarfsemi, einkum blóðrásartruflunum. Hávaðamengun er sú tegund mengunar sem snertir flesta.

Hljóðvarnaraðgerðir:

Aðgerðir til að varna hljóðmengun. Einkum er gripið til hljóðvarnaraðgerða meðfram umferðaræðum í íbúðabyggð.

Hverfaskipulag:

Hverfaskipulag er tengiliður milli aðalskipulags og deiliskipulags. Í því er fjallað um flesta þætti skipulags, s.s. húsnæði, umhverfi og umferð, en í stærri mælikvarða en í aðalskipulagi. Þess vegna er hægt að sýna skipulag einstakra svæða mun betur. Markmið varðandi útfærslu byggðar sem sett eru fram í hverfakorti eru leiðbeinandi fyrir deiliskipulagsvinnu í hverfum sem þegar eru byggð.

Hverfisvernd (Bæjarvernd):

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sveitarfélaga sem kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, svo sem einstakra bygginga, mannvirkja eða húspyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Jarðvegsrof:

Jarðvegsrof er losun og flutningur yfirborðsefna sem spillir jarðvegi, hamlar vexti gróðurs eða kemur í veg fyrir að gróður nemi land á yfirborði jarðvegs. Alvarlegt jarðvegsrof er á stórum hluta landsins og er það því eitt af stærstu umhverfisvandamálum hér á landi.

Landgræðsla – Uppgræðsla:

Landgræðsla kallast það þegar auðnir og lítið gróin landsvæði eru grædd til að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs. Landgræðslu má skipta í eftirfarandi flokka: Sandgræðslu, gróðurvernd og gróðureftirlit. Landgræðsla felur m.a. í sér sáningu fræja, gróðursetningu plantna, áburðardreifingu, verndun gegn búfjárbeit, heftingu sandfoks og almennt eftirlit með gróðri á landinu.

Landgræðsluskógaverkefnið:

Landgræðsluskógar eru skógræktar- og uppgræðsluverkefni sem skógræktarfélagin á Íslandi hafa staðið fyrir frá árinu 1990. Með Landgræðsluskógum er ráðist í ræktun á lítt eða hálfgrónu landi með plöntun trjáplantna. Ræktunarsvæði Landgræðsluskóga eru víðsvegar á landinu og eru þau nú um 120. Á þessum svæðum er markmiðið að koma upp vöxtulegum gróðri, græða land og auðga. Samstarfsaðilar skógræktarfélaganna í Landgræðsluskógum eru Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins og landbúnaðarráðuneytið.

Landnemaspildur:

Mörg skógræktarfélag landsins bjóða landlausum eða landlitlum félagsmönnum, áhugahópum, félögum og fyrirtækjum kost á að annast svonefndar landnemaspildur, þar sem þeir geta sinnt trjárækt og uppgræðslu í sjálfböðavinnu. Þessar spildur eru hlutar af útivistarsvæðum skógræktarfélaganna og er almenningi heimil för um þær eftir gönguleiðum.

Landslagsheildir:

Með hugtakinu landslagsheild er átt við svæði með skýra afmörkun sem menn upplifa sem eina heild ef þeir eru staddir innan svæðisins. Landslagsheild ræðst að mestu af sjónrænum línum í landslaginu hvort sem þær verða til vegna forma landsins, gróðurfars, jarðfræði eða mannvirkja. Landslagsheildir geta skarast og verið hluti af stærri landslagsheild.

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda (sbr. leið 6.7.):

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er ferli þar sem metin eru þau áhrif sem framkvæmd getur haft á umhverfi, samfélag og efnahag áður en hafist er handa. Hluti ferlisins er að tryggja samráð við almenning og hagsmunaaðila og gera þeim kleift að kynna sér niðurstöður matsins og koma athugasemdum á framfæri. Leiði matið í ljós umtalsverð áhrif á umhverfið þarf framkvæmdaaðili að gera ráðstafanir sem koma í veg fyrir eða draga úr þeim áhrifum eins og kostur er.

Mengun:

Mengun er það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Mengunarvarnir:

Varnir til að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar.

Menningarminjar:

Minjar um sögu og menningu lands og þjóðar.

Náttúru- og menningarminjaskrá Kópavogs:

Skrá Kópavogsbæjar yfir náttúru- og menningarminjar sem teljast sérstæðar í bæjarlandinu og ber að vernda eða friðlýsa.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Náttúruminjaskrá:

Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði, náttúrumyndanir, lífverur og vistgerðir sem rétt þykir að vernda eða friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun. Í skránni er lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins. Náttúruminjaskrá er gefin út af umhverfisráðuneytinu eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

Náttúruverndaráætlun:

Umhverfisráðherra vinnur náttúruverndaráætlun fyrir landið allt á 5 ára fresti. Í henni koma fram upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði, lífverur, búsvæði lífvera og vistkerfi sem ástæða þykir til að friðlýsa. Þá þarf að lýsa sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins.

Einstök sveitarfélög geta einnig unnið áætlanir um hvaða svæði þau vilja vernda eða friða innan bæjarmarka sinna.

Náttúruverndarsvæði:

Náttúruverndarsvæði eru svæði þar sem skipulögð náttúruvernd á sér stað og eftirlit er haft með. Um er að ræða þrenns konar náttúruverndarsvæði:

- Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti.
- Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá.
- Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru eða landslags.

Neysluvatn:

Neysluvatn er vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, sem notað er til drykkjar, við matargerð og í matvælafyrirtækjum. Hitaveituvatn telst ekki neysluvatn.

Reglubundið eftirlit, svo sem með starfsemi á vatnsverndarsvæði (leið 5.8.):

Eftirlit með starfsleyfisskyldum atvinnurekstri og öðrum þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til eftirlits.

Reglubundin vöktun, svo sem á vatnasvæði Elliðavatns (leið 5.5.):

Reglubundin vöktun er kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

Rotþró:

Rotþró er tankur til botnfellingar og hreinsunar á föstu svíflægu efni úr skólpi.

Samfélag fyrir alla (sbr. leið 12.9.):

Stefna Kópavogsbæjar í málefnum innflytjenda ber yfirskriftina „Samfélag fyrir alla“ en hún var samþykkt í bæjarstjórn í september 2001. Stefnan hefur að leiðarljósi að mannlíf Kópavogs endurspeglar fjölmenningslegt samfélag sem byggir á gagnkvæmri virðingu og tillitssemi; að allir Kópavogsbúar njóti jafnréttis og sömu tækifæra í samskiptum við stjórnslu bæjarfélagsins óháð þjóðerni sínu og uppruna; að stofnanir bæjarins verði aðgengilegar öllum íbúum óháð þjóðerni þeirra eða kunnáttu þeirra í íslensku; og að útlendingahatur og hvers kyns mismunun vegna þjóðernis og uppruna fái ekki þrífist í Kópavogi.

Settjarnir:

Mannvirki til að hreinsa yfirborðsvatn. Vatninu er veitt í settjarnir þar sem náttúruleg hreinsun á sér stað. Í botn tjarnanna setjast þungmálmur og óæskileg efni sem eru síðan fjarlægð og meðhöndluð sem spilliefni. Hreinsaða vatnið rennur út í sjó, vatn eða árfarveg.

Skipulagsstigin:

Skipulagsstig eru fjögur: Lands-, svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstig.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Skógrækt:

Skógrækt er ræktun og hirðing skógar í þeim tilgangi að hafa af honum ýmsar nytjar. Skógur er einkum ræktaður vegna viðarafurða (nytjaskógur) en einnig til skjóls, þ.e. til að veita vörn gegn vindi, skriðuföllum, snjóflóðum, vatnsflumi og uppblæstri og til útiveru og náttúruskoðunar (lystiskógur).

Skráning merkra bygginga:

Skráning bygginga í Kópavogi sem teljast merkilegar með tilliti til sögu og byggingarlistar þeirra.

Sorp/úrgangur:

Sorp er úrgangur frá heimilum, til dæmis matarleifar, pappír, plast, gler, og hvers kyns tæki sem safnað er með sorphreinsun sveitarfélaga. Oft er einnig talað um heimilisúrgang.

Úrgangur er hvers konar hlutir eða efni sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á einhvern hátt.

Spilliefni:

Spilliefni er sorp sem inniheldur efni sem geta verið lífríki og mönnum skaðleg. Þau geta borist í fæðukeðjuna í gegnum vatn og andrúmsloft. Dæmi um spilliefni eru ýmiskonar hreinsiefni, málning, lím, þynnir, lyf, rafhlöður, lakk, stíflueyðir, skordýraeitur, olíur, sýrur, framköllunarvökvar, prentlitir, formalín, klórmenguð efni, tjöruleysir og efni frá rannsóknastofum.

Trjávernd:

Verndun trjáa vegna náttúrulegra og menningarlegra sjónarmiða, auk þess sem gert er ráð fyrir að merkileg og fágæt tré innan bæjarmarkanna verði mæld og skráð.

Umferðaröryggisáætlun:

Umferðaröryggisáætlun á landsvísu var samþykkt af Alþingi 2002. Markmið hennar er að fjöldi þeirra sem slasast alvarlega eða látast í umferðarslysum verði innan við 120 á ári í lok ársins 2012, innan við 52 á ári fyrir árið 2025 og framtíðarsýnin er sú að enginn látist eða slasist alvarlega í umferðarslysum á Íslandi. Til að þessu takmarki verði náð þarf ýmsar aðgerðir og markvisst fræðslustarf til að breyta hugsunarhætti og viðhorfum til umferðaröryggismála.

Umferðaröryggisáætlun fyrir Kópavogsbæ var fyrst samþykkt 1997 og hefur verið endurskoðuð síðan.

Umhverfismat skipulagstillagna:

Umhverfismat er verklag eða aðferð við áætlanagerð (Strategic Environmental Assessment, SEA) sem er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun með því að leggja mat á áhrif einstakra stefnumiða og ráðgerðra framkvæmda á umhverfið. Matið er m.a. gert með því að setja fram stefnukosti og bera þá saman með tilliti til áhrifa á tiltekna umhverfisþætti. Orðið umhverfi er í þessu samhengi notað þannig að það nær til náttúrufars og félagslegra og hagrænna þátta.

Umhverfisstefna:

Umhverfisstefna er opinber yfirlýsing um skuldbindingu sveitarfélags, stofnunar eða fyrirtækis í umhverfismálum. Hún felur í sér stefnu og markmið í umhverfismálum og skuldbindingu viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar að fylgja núverandi lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál, auk annarra markmiða sem viðkomandi hefur samþykkt að uppfylla. Jafnframt eru í henni fólgnar skuldbindingar um stöðugar úrbætur og mengunarvarnir. Umhverfisstefnan er sá grunnur sem stjórnun umhverfismála hjá viðkomandi aðilum byggir á.

Uppblástur:

Uppblástur nefnist gróðureyðing af völdum vinds og vatns á mörkum gróðurlendis og auðnar. Talað er um þrjú stig uppblasturs. Á fyrsta stigi er gróðurþekja órofin og því enginn uppblastur. Á öðru stigi eru sár í gróðurþekju og uppblastur getur hafist. Á þriðja stigi er uppblastur í fullum gangi.

Staðardagskrá 21 Kópavogi

Upplönd bæjarins:

Í lögsögu Kópavogs austan Elliðavatns eru tveir allstórir landgeirar ofan Heiðmerkur sem eru fjölbreyttir að náttúru og kjörnir til útivistar. Annars vegar er nyrðri landgeirinn, sem nær frá Hólmsá og Lækjarbotnum austur í Vatnaöldur og Vífilsfell og er hluti landsins, um 700 ha, innan Bláfjallafólkvangs. Hins vegar er syðri landgeirinn milli Heiðmerkur og Bláfjalla, um 2.900 ha. og er hann allur innan Bláfjallafólkvangs. Bláfjallaland Kópavogs er eitt stærsta skíðasvæði landsins.

Vatnasvið:

Aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatna, grunnvatnsstrauma eða vatnsbóla.

Vatnsvernd:

Ákvörðun um varðveislu vatnsgæða og viðhald þeirra, svo og aðgerðir sem hindra spillingu vatns.

Vatnsverndarsvæði:

Afmarkað svæði á vatnasviði vatnsbóla þar sem vatnsvernd hefur verið komið á. Á vatnsverndarsvæðum er takmörkuð öll sú starfsemi sem hugsanlega getur valdið varanlegri röskun eða mengun.

Verndarsvæði í bæjarlandinu (sbr. leið 6.2.):

Þau verndarsvæði sem er að finna í bæjarlandi Kópavogs, bæði svæði á náttúruminjaskrá og bæjarverndarsvæði.

Viðmiðunarmörk umferðarhávaða:

Í reglugerð nr. 933/1999 hafa verið skilgreind viðmiðunarmörk vegna hávaðamengunar, þar með eru talin hávaðamörk vegna umferðar. Viðmiðunargildi er það gildi sem verður að uppfylla til þess að ástand geti talist viðunandi. Skal hávaði alltaf vera undir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunargildi eru mishá eftir því á hvaða svæðum þau gilda og á hvaða tíma dags.

Yfirborðsvatn/ofanvatn:

Yfirborðsvatn er regnvatn og leysingarvatn sem rennur í fráveitur af húspökum, götum, gangstéttum og öðru þéttu yfirborði.